

Bæjarstjórn Snæfellsbæjar

FUNDARBOÐ – 403. FUNDUR

Fundur er boðaður í bæjarstjórn Snæfellsbæjar, fimmtudaginn 3. september 2026 og hefst hann í **Ráðhúsi Snæfellsbæjar kl. 17:00.**

Dagskrá bæjarstjórnarfundarins:

- 1) Fundargerðir 369þ, 370. og 371. fundar bæjarráðs, dags. 18. júní, 14. júlí og 27. ágúst 2026.
- 2) Fundargerð 204. fundar umhverfis- og skipulagsnefndar, dags. 28. ágúst 2026.
- 3) Fundargerð 36. fundar framkvæmdateymis Snæfellsbæjar, dags. 1. september 2026.
- 4) Samþykkt um stjórn Snæfellsbæjar. Fyrri umræða.
- 5) Erindisbréf nefnda Snæfellsbæjar:
 - a) Erindisbréf umhverfis- og skipulagsnefndar.
 - b) Erindisbréf menningarnefndar.
 - c) Erindisbréf öldungaráðs.
 - d) Erindisbréf skóla- og fræðslunefndar.
 - e) Erindisbréf íþróttá- og æskulýðsnefndar.
 - f) Erindisbréf stjórnar dvalar- og hjúkrunarheimilisins Jaðars.
 - g) Erindisbréf landbúnaðar- og fjallskilanefndar.
 - h) Erindisbréf stjórnar félagsheimilisins Klifs.
 - i) Erindisbréf stjórnar félagsheimilisins Rastar.
 - j) Erindisbréf stjórnar félagsheimilisins á Lýsuhóli.
- 6) Bréf frá Sveini Jónatanssyni, dags. 31. ágúst 2026, varðandi samning um barnaverndarþjónustu.
- 7) Bréf frá SSV, dags. 28. ágúst 2026, varðandi skammtímadvöl í Holti.
- 8) Bréf frá Náttúruhamfaratryggingu Íslands, dags. 27. ágúst 2029, varðandi skipulag byggðar á svæðum sem eru næm fyrir náttúruhamförum.
- 9) Minnispunktar bæjarstjóra.

Snæfellsbæ. 1. september 2026
Kristinn Jónasson, bæjarstjóri

369. fundur bæjarráðs Snæfellsbæjar, haldinn fimmtudaginn 18. júní 2026 og hófst hann í Ráðhúsi Snæfellsbæjar kl. 10:00.

Mættir:

Júniana Björg Óttarsdóttir
Eiríkur Böðvar Rúnarsson
Jón Bjarki Jónatansson
Kristinn Jónasson, bærarstjóri
Lilja Ólafardóttir, bæraritari

Formaður bæjarráðs setti fund og bauð fundarmenn velkomna á fundinn. Var svo gengið beint til boðaðrar dagskrár.

Dagskrá:

1) Sérkennsla í leikskóla Snæfellsbæjar.

Gunnþór Eyfjörð Gunnþórsson frá Asgarði skólaráðgjöf mætti á fundinn í gegnum Teams og fór yfir þá vinnu sem búin er að eiga sér stað á leikskólanum. Góð umræða fór fram um verkefnið og var samþykkt að fá Gunnþór aftur inn á fund bæjarráðs í nóvember til að fá upplýsingar um hvernig vinnan gengur. Var Gunnþóri nú þökkun koman og vék hann nú af fundi.

2) Félagsheimilið Röst fyrir börn og ungmenni.

Halldóra Kristín Unnarsdóttir og Margrét Sif Sævarsdóttir, íþrótta- og æskulýðsfulltrúi, mættu á fundinn og fylgdi Halldóra eftir tillögum sem hún hefur lagt fram um nýtingu á Félagsheimilinu Röst fyrir börn og ungmenni. Bæjarráð er mjög jákvætt fyrir þessum hugmyndum og samþykkti samhljóða að fela bærarritara að ræða við húsvörð Rastarinnar um frekari samvinnu við félagsmiðstöðina. Véku Halldóra og Margrét nú af fundi og var þeim þökkun koman.

3) Fundargerð ungmennaráðs, dags. 22. apríl 2026.

Fundargerðin samþykkt samhljóða.

4) Fundargerð ungmennaráðs, dags. 11. júní 2026.

Fundargerðin samþykkt samhljóða.

5) Fundargerð aðalfundar Heilbrigðiseftirlits Vesturlands, dags. 25. mars 2026.

Lagt fram til kynningar.

6) Fundargerð 999. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 28. maí 2026.

Lagt fram til kynningar.

7) Fundargerð 1000. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 9. júní 2026.

Lagt fram til kynningar.

8) Bréf frá Sýslumanninum á Vesturlandi, dags. 26. maí 2026, varðandi ósk um umögn bæjarráðs um umsókn Vér mótmælum allir ehf., um leyfi til reksturs gististaðar í flokki IV, stærra gistiheimili, að Gröf í Breiðvík, Snæfellsbæ.

Bæjarráð samþykkti fyrir sitt leyti ofangreinda umsókn Vér mótmælum allir ehf., um leyfi til reksturs gististaðar í flokki IV, stærra gistiheimili, að Gröf í Breiðvík, Snæfellsbæ, að því tilskildu að slökkviliðsstjóri og yfirmaður tæknideildar gefi jafnframt jákvæða umsögn.


Handwritten signatures and initials, including "B", "CB", "K", and "R".


- 9) **Bréf frá Sýslumanninum á Vesturlandi, dags. 8. júní 2026, varðandi ósk um umsögn bæjarráðs um umsókn V&D ehf., um leyfi til reksturs veitingastaðar í flokki II, kaffihús, að Ólafsbraut 12 í Ólafsvík, Snæfellsbæ.**
Bæjarráð samþykkti fyrir sitt leyti ofangreinda umsókn V&D ehf., um leyfi til reksturs veitingastaðar í flokki II, kaffihús, að Ólafsbraut 12 í Ólafsvík, Snæfellsbæ, að því tilskildu að slökkviliðsstjóri og yfirmaður tæknideildar gefi jafnframt jákvæða umsögn.
- 10) **Bréf frá Halldóru Kristínu Unnarsdóttur, dags. 5. júní 2026, varðandi starf forstöðumanns félagsmiðstöðvarinnar Afdreps.**
Bæjarráð þakkar bréfið og tekur heilshugar undir það að fjárfesting í öflugu æskulýðsstarfi sé fjárfesting í framtíð samfélagsins, enda er ætlunin að leggja áherslu á það á kjörtímabilinu að efla æskulýðsstarf og þá þjónustu sem ungmennum er veitt í sveitarfélaginu.
Starf umsjónarmanns fristunda/félagsmiðstöðvar er tiltölulega nýtt og byrjaði sem tilrauna-verkefni að ósk skólastjóra og íþrótt- og æskulýðsfulltrúa til að tengja saman unglingastarf grunnskóla og félagsmiðstöðvar. Talin var mikil nauðsyn á slíkri tengingu og telur bæjarráð að þörfin fyrir þá tengingu sé síst minni núna en hefur verið.
Bæjarráð er því ekki tilbúið til að breyta starfi umsjónarmanns að svo stöddu og telur að viðvera starfsmanns bæði í grunnskóla og félagsmiðstöð sé nauðsynleg til að tryggja gott flæði unglinga á milli þessara staða. Hins vegar, þegar að því kemur að farið verður í að efla ungmennastarfið og mögulega opna ungmennahús, þá mun bæjarráð fara í samvinnu við íþrótt- og æskulýðsfulltrúa og umsjónarmann félagsmiðstöðvar um það verkefni.
- 11) **Bréf frá Birnu Ýr, dags. 13. júní 2026, varðandi Hédinsmótið þann 13. júní s.l.**
Bæjarráð þakkar bréfið og þykir afar leiðinlegt að upplifunin hafi verið með þeim hætti sem fram kemur í bréfinu. Bæjarráð er mjög ánægt með framtakið og vill óska mótshöldurum til hamingju með flott mót. Það er einmitt mjög gaman að sjá fjölbreytt íþróttastarf í sveitarfélaginu og viðburðir eins og Hédinsmótið er til sóma og eflir íþróttalífið hér.
Bæjarráð ræddi innihald bréfsins og fór bæjarstjóri yfir sína hlið málsins.
Bæjarráð samþykkti samhljóða að fela bæjarritara að svara bréfinu í þeim anda sem fram kom á fundinum.
- 12) **Bréf frá Mennta- og barnamálaráðuneytinu, dags. 3. júní 2026, varðandi tilnefningu í skólanefnd Fjölbrautaskóla Snæfellinga 2023-2027.**
Bæjarráð samþykkti samhljóða að fela bæjarstjóra að vera í samvinnu við sveitarfélagin á Snæfellsnesi um sameiginlega fulltrúa.
- 13) **Bréf frá Ferðamálastofu, dags. 27. maí 2026, varðandi rökstuðning vegna synjunar styrkumsóknar úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða vegna umferðarstyringar og öryggis ferðamanna við Ingjaldshólskirkju.**
Lagt fram til kynningar.
- 14) **Minnispunktur bæjarstjóra.**
- Bæjarstjóri sagði frá þeim ánægjulegu tíðindum að í dag, 18. júní, séu íbúar Snæfellsbæjar orðnir 1800 skv. Þjóðskrá.
 - Bæjarstjóri sagðist hafa verið í samskiptum við hönnuðina varðandi íbúðir 60+ og tónlistar-skóla/bókasafn.
 - Bæjarstjóri sagði frá því að í gærkvöldi varð bruni á Hellissandi og gekk slökkvistarf vel.
 - Bæjarstjóri fór yfir rekstraryfirlit stofnana.


Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11:19


Jóniana Björg Ottarsdóttir


Eiríkur Böðvar Runarsson


Jón Bjarki Jónatansson


Kristinn Jónasson, bæjarstjóri


Lilja Ólafardóttir, bæjarritari

370. fundur bæjarráðs Snæfellsbæjar, haldinn þriðjudaginn 14. júlí 2026 og hófst hann í Ráðhúsi Snæfellsbæjar kl. 11:00.

Mættir:

Júniana Björg Óttarsdóttir
Eiríkur Böðvar Rúnarsson
Jón Bjarki Jónatansson
Kristinn Jónasson, bæjarstjóri
Lilja Ólafardóttir, bæjarritari

Formaður bæjarráðs setti fund og bauð fundarmenn velkomna á fundinn. Var svo gengið beint til boðaðrar dagskrár.

Dagskrá:

- 1) **Fundargerð 203. fundar umhverfis- og skipulagsnefndar, dags. 23. júní 2026.**
Fundargerðin samþykkt samhljóða.
- 2) **Fundargerð 234. fundar menningarnefndar, dags. 6. maí 2026.**
Fundargerðin samþykkt samhljóða.
- 3) **Fundargerðir 89., 90. og 91. fundar stjórnar Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum, dags. 18. febrúar, 18. mars og 15. júní 2026.**
Lagt fram til kynningar.
- 4) **Fundargerð 98. fundar stjórnar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga, dags. 12. júní 2026.**
Lagt fram til kynningar.
- 5) **Fundargerð 483. fundar stjórnar Hafnasambands Íslands, dags. 29. maí 2026.**
Lagt fram til kynningar.
- 6) **Bréf frá Sýslumanninum á Vesturlandi, dags. 23. júní 2026, varðandi ósk um umsögn bæjarráðs um umsókn Decus ehf., um leyfi til reksturs gististaðar í flokki II, fristundahús, að Móum 1 í Breiðuvík, Snæfellsbæ.**
Bæjarráð samþykkti fyrir sitt leyti ofangreinda umsókn Decus ehf., um leyfi til reksturs gististaðar í flokki II, fristundahús, að Móum 1 í Breiðuvík, Snæfellsbæ, að því tilskildu að slökkviliðsstjóri og yfirmaður tæknideildar gefi jafnframt jákvæða umsögn.
- 7) **Bréf frá Sýslumanninum á Vesturlandi, dags. 7. júlí 2026, varðandi ósk um umsögn bæjarráðs um umsókn RR 03 ehf., um breytingu á rekstrarleyfi til reksturs veitingastaðar í flokki II, F-Krá, til að hafa heimild til útveitinga, að Klettsbúð 7 á Hellissandi, Snæfellsbæ.**
Bæjarráð samþykkti fyrir sitt leyti ofangreinda umsókn RR 03 ehf., um breytingu á leyfi til reksturs veitingastaðar í flokki II, F-Krá, til að hafa heimild til útveitinga, að Klettsbúð 7 á Hellissandi, Snæfellsbæ, að því tilskildu að slökkviliðsstjóri og yfirmaður tæknideildar gefi jafnframt jákvæða umsögn.
- 8) **Bréf frá Sýslumanninum á Vesturlandi, dags. 30. júní 2026, varðandi ósk um umsögn bæjarráðs um umsókn Birkisólar ehf., um breytingu á rekstrarleyfi til reksturs veitingastaðar í flokki II, veitingahús, til að fjölga leyfilegum fjölda gesta úr 15 í 40, á Stapanum á Arnarstapa, Snæfellsbæ.**
Bæjarráð samþykkti fyrir sitt leyti ofangreinda umsókn Birkisólar ehf., um breytingu á leyfi til reksturs veitingastaðar í flokki II, veitingahús, til að fjölga leyfilegum fjölda gesta úr 15 í

40 á Stapanum á Amarstapa, Snæfellsbæ, að því tilskildu að slökkviliðsstjóri og yfirmaður tæknideildar gefi jafnframt jákvæða umsögn.

- 9) **Bréf frá Sýslumanninum á Vesturlandi, dags. 24. júní 2026, varðandi ósk um umsögn bæjarráðs um umsókn Útgerðarfélagsins Álfa ehf., um leyfi til reksturs gististaðar í flokki II, íbúðir, að Ennisbraut 2 í Ólafsvík, Snæfellsbæ.**
Bæjarráð samþykkti fyrir sitt leyti ofangreinda umsókn Útgerðarfélagsins Álfa ehf., um leyfi til reksturs gististaðar í flokki II, íbúðir, að Ennisbraut 2 í Ólafsvík, Snæfellsbæ, að því tilskildu að slökkviliðsstjóri og yfirmaður tæknideildar gefi jafnframt jákvæða umsögn.
- 10) **Bréf frá Atvinnuvegaráðuneytinu, dags. 24. júní 2026, varðandi ábendingar til sveitarfélaga vegna búfjárbeitar og ágangs búfjár.**
Lagt fram til kynningar.
- 11) **Bréf frá Svæðisgarðinum Snæfellsnes, dags. 4. maí 2026, ásamt minnisblaði um Svæðisgarðinn.**
Lagt fram til kynningar.
- 12) **Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, dags. 22. júní 2026, ásamt ársreikningi Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum.**
Lagt fram til kynningar.
- 13) **Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, dags. 19. júní 2026, varðandi mikilvæg skref í jöfnun raforkukostnaðar.**
Lagt fram til kynningar.
- 14) **Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, dags. 23. júní 2026, varðandi samkomulag við ríkið varðandi börn með fjölþættan vanda.**
Bæjarráð harnar afstöðu ríkisins varðandi verkefnið. Ljóst er að ekki hefur fækkað í hópi barna með fjölþættan vanda sem þurfa á þjónustu að halda og því óásættanlegt að ríkið skuli einungis horfa í ákveðna peningaupphæð en ekki á þarfir viðkomandi hóps. Skilningur sveitarfélaganna á samkomulaginu á sínum tíma var sá að ríkið myndi taka yfir þjónustu þessa viðkvæma hóps, en ríkið ákveður svo einhliða með reglugerð að þjónusta bara hluta hópsins. Bæjarráð skorar á ríkið að endurskoða þessa ákvörðun og standa við upphaflegt samkomulag.
- 15) **Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, dags. 23. júní 2026, varðandi framboðsfrest til formanns Sambandsins.**
Lagt fram til kynningar.
- 16) **Bréf frá Maggýju Hrönn Hermannsdóttur, dags. 30. júní 2026, varðandi formann umhverfis- og skipulagsnefndar.**
Bæjarráð leggur til að viðkomandi hafi beint samband við formann umhverfis- og skipulagsnefndar til að ræða málið.
- 17) **Bréf frá Arngrími Stefánssyni, dags. 2. júlí 2026, varðandi hraðakstur í Bárðarási á Hellissandi.**
Bæjarráð þakkar bréfið og tillögurnar. Jafnframt bendir bæjarráð bréfitara á að leita til íbúa götunnar með undirskriftarlista um tillögurnar, sem yrði þá tekinn fyrir í bæjarstjórn.
- 18) **Umsókn frá Joönnu Katarzynu Malz, ódags., um að fá að halda hundinn Lusía.**
Umsóknin samþykkt samhljóða.

19) Reglugerð um Tónlistarskóla Snæfellsbæjar.

Bæjarráð samþykkti samhljóða að vísa reglugerðinni til umsagnar og samþykktar í skóla- og fræðslunefnd Snæfellsbæjar.


20) Pakkarplagg frá Hestafimleikahópnum Vetrarsól.


Lagt fram til kynningar.


21) Minnispunktar bæjarstjóra.


- a) Bæjarstjóri ræddi vinnuskólann.
- b) Bæjarstjóri ræddi sólmyrkvann þann 12. ágúst.
- c) Bæjarstjóri sagði frá því hversu vel glerlistahátíðin á Hellissandi hefur gengið.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11:59


Jónína Björg Ottarsdóttir


Eiríkur Bødvar Rúnarsson


Jón Bjarki Jónatansson


Kristinn Jónasson, bæjarstjóri


Lilja Ólafardóttir, bæjarritari

371. fundur bæjarráðs Snæfellsbæjar, haldinn fimmtudaginn 27. ágúst 2026 og hófst hann í Ráðhúsi Snæfellsbæjar kl. 11:00.

Mættir:

Júníana Björg Óttarsdóttir
Eiríkur Böðvar Rúnarsson
Jón Bjarki Jónatansson
Kristinn Jónasson, bæjarstjóri
Lilja Ólafardóttir, bæjarritari


Formaður bæjarráðs setti fund og bauð fundarmenn velkomna á fundinn. Var svo gengið beint til boðaðrar dagskrár.


Dagskrá:


- 1) **Fundargerð 154. fundar hafnarstjórnar, dags. 5. ágúst 2026.**
Fundargerðin samþykkt samhljóða.
- 2) **Fundargerð 243. fundar Breiðafjarðarnefndar, dags. 7. maí 2026.**
Lagt fram til kynningar.
- 3) **Fundargerð 203. fundar Heilbrigðisnefndar Vesturlands, dags. 19. ágúst 2026.**
Lagt fram til kynningar.
- 4) **Bréf frá basarnefnd FEBS, dags. 6. ágúst 2026, varðandi ósk um niðurfellingu á leigu vegna jólabasars eldri borgara í Klifi þann 22. nóvember n.k.**
Erindið samþykkt samhljóða, enda fellur það að reglum Snæfellsbæjar um niðurfellingu á húsaleigu í félagsheimilum bæjarins.
- 5) **Umsókn frá Friðriki Kristjánssyni, dags. 20. júlí 2026, um að fá að halda hundinn Aryu.**
Umsóknin samþykkt samhljóða.
- 6) **Bréf frá Sýslumanninum á Vesturlandi, dags. 22. júlí 2026, varðandi ósk um umsögn bæjarráðs um umsókn Gylfakarls slf., um leyfi til reksturs gististaðar í flokki II, frístundahús, að Þórubúð í Breiðuvíkurhreppi, Snæfellsbæ.**
Bæjarráð samþykkti fyrir sitt leyti ofangreinda umsókn Gylfakarls slf., um leyfi til reksturs gististaðar í flokki II, frístundahús, að Þórubúð í Breiðuvíkurhreppi, Snæfellsbæ, að því tilskildu að slökkviliðsstjóri og yfirmaður tæknideildar gefi jafnframt jákvæða umsögn.
- 7) **Bréf frá Sveini Jónatanssoni, dags. 18. ágúst 2026, varðandi viðauka við samning aðildasveitarfélaga að byggðasamlaginu Félags- og skólapijónusta Snæfellinga um aðild að barnaverndarpijónustu Vesturlands.**
Bæjarráð samþykkti framlagðan viðauka samhljóða.
- 8) **Bréf frá umhverfis- orku- og loftslagsráðuneytinu, dags. 19. ágúst 2026, varðandi svæðisstjórn Snæfellsjökulspjóðgarðs 2026-2030.**
Bæjarráð samþykkti samhljóða að tilnefna Kristinn Jónasson og Júníönu Björgu Óttarsdóttur.
- 9) **Bréf frá Fjölbautaskóla Snæfellinga, dags. 18. ágúst 2026, varðandi skólaakstur við FSN á vorönn 2026.**
Lagt fram til kynningar.


- 10) Bréf frá Indro Candi arkitektum, dags. 17. júlí 2026, varðandi ráðgjafasamning um arkitektahönnun á viðbyggingu við Hjarðartún 6 í Ólafsvík annars vegar og Hjarðartún 9 í Ólafsvík hins vegar.
Bæjarráð samþykkti samhljóða að veita bæjarstjóra umboð til að ganga til samninga við fyrirtækið.
- 11) Bréf frá Vegagerðinni, dags. 6. ágúst 2026, varðandi samráð og samstarf við sveitarstjórnir við vinnslu skipulagsáætlana.
Lagt fram til kynningar.
- 12) Bréf frá Samtökum um dýravelferð, dags. 6. ágúst 2026, varðandi hvatningu til sveitarstjórna um að taka afstöðu til loðdýraræktar í aðalskipulagi.
Lagt fram til kynningar.
- 13) Minnispointar bæjarstjóra
- a) Bæjarstjóri sagði frá fundi sem hann fór á í gær varðandi uppbyggingu á skammtímadvöl fyrir börn og unglinga með stuðningsþarfir á Vesturlandi sem fyrirhuguð er í Holti í Borgarbyggð.
 - b) Bæjarstjóri fór yfir staðgreiðslu 2026.
 - c) Bæjarstjóri sagði frá því að það er laus ein 60+ íbúð í Ólafsvík og ein á Hellissandi.
 - d) Bæjarstjóri sagði frá almyrkvahátíðinni sem var í sveitarfélaginu um miðjan ágúst. Hátíðin tókst í alla staði mjög vel.
 - e) Bæjarstjóri sagði frá vegaframkvæmdum við Kaldármela.


Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11:42


Jóniana Björg Ottarsdóttir


Eiríkur Bæðvar Rúnarsson


Kristinn Jónasson, bæjarstjóri


Jón Bjarki Jónatansson


Lilja Ólafardóttir, bæjarritari

UMHVERFIS- OG SKIPULAGNEFND SNÆFELLSBÆJAR

Umhverfis- og skipulagsnefnd - 204204. fundur umhverfis- og skipulagsnefndar
haldinn í Ráðhúsi Snæfellsbæjar, föstudaginn 28. ágúst 2026
og hófst hann kl. 10:00.

Fundinn sátu:

Halldór Kristinsson, Illugi Jens Jónasson, Kristjana Hermannsdóttir, Hallveig Hörn Þorbjargardóttir, Gylfi Freyr Karlsson, Matthías Páll Gunnarsson, Valgerður Hlín Kristmannsdóttir, Ragnar Már Ragnarsson, Smári Jónas Lúðvíksson og Gunnþóra Guðmundsdóttir.

Fundargerð ritaði: Valgerður Hlín Kristmannsdóttir, Aðstoðarmaður skipulags- og byggingarfulltrúa.

Dagskrá:

1. Búðir L136196 - Umsókn frá Landi og Skógum um endurheimt votlendis - 2608001

Land og skógar sækir um fyrir hönd Fjársýslu Ríkisins um framkvæmdaleyfi vegna endurheimtar votlendis á jörðinni ríkisjörðinni Búðir landnr. 136196. Fyrirhugað endurheimtarsvæði er 130ha að stærð og áætlað að fylla í allt að 7915m af skurðum.

Umhverfis- og skipulagsnefnd tekur jákvætt í erindið en það er ekki í samræmi við gildandi aðalskipulag þar sem gert er ráð fyrir tveimur svæðum undir mannvirki innan umrædds svæðis. Jafnframt er bent á að ekki liggur fyrir merkjalýsing fyrir landið, æskilegt er að hún verði unnin samhliða. Umhverfis- og skipulagsnefnd bendir landeiganda að eiga samtal við skipulagsfulltrúa Snæfellsbæjar.

Jákvætt

2. Fyrirspurn frá landeigendum Fróðár vegna uppbyggingar á jörðinni - 2607008

Eigendur Fróðár hafa í hyggju að byggja nýtt klúbbhús og tækjageymslu fyrir golfvöllinn og að koma fyrir nokkrum frístundahúsum meðfram Fróðánni.

Umhverfis- og skipulagsnefnd tekur jákvætt í fyrirspurnina enda er hún að hluta til í samræmi við gildandi aðalskipulag. Nefndin bendir á að æskilegt væri að huga að gerð deiliskipulags og merkjalýsingar fyrir landið.

Jákvætt

3. Dalbrekka, nýtt deiliskipulag - 2401013

Skipulagsfulltrúi fer yfir stöðu verkefnisins út frá umræðu síðasta fundar

4. Geirakot - merkjalýsing - 2607007

Eigendur Geirakots ósk eftir uppskiptingu jarðarinnar samkvæmt meðfylgjandi gögnum.

5. Snæfellsás 3 - Umsókn um smáhýsi - 2607011

SIC MPK Mlk H4 777
GK 99 HA TR UK

UMHVERFIS- OG SKIPULAGNEFND SNÆFELLSBÆJAR

Valdimar Hall Sölvason sækir um leyfi fyrir smáhýsi á lóðinni Snæfellsás 3

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið þar sem smáhýsið mun standa á lóð 3a. Nefndin óskar eftir skriflegu samþykki allra aðliggjandi nágranna.

Samþykkt

6. Stækkun lóðar Jaðars - 2608002

Lögð eru fram drög að stækkun lóðanna Hjarðartún 5 og 9.

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir drögin og felur tæknideild að ganga frá lóðarblaði fyrir Hjarðartún 9.

Samþykkt

7. Sandholt 34_Umsókn um leyfi fyrir heitum potti - 2607003

Lilja Hrund Jóhannsdóttir sækir um leyfi fyrir uppsetningu á heitum potti á sunnanverðri lóð sinni að Sandholti 34.

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.

Samþykkt

8. Sandholt 34_Ósk um leyfi fyrir steiptum vegg á lóðarmörkum - 2607002

Lilja Hrund Jóhannsdóttir sækir um heimild til að reisa 180 cm steiptan vegg á lóðarmörkum í suður og að hluta til að austanverðu. Saga þarf af malbiki í á göngustíg austan við húsið.

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.

Samþykkt

9. Sandholt 9 - Umsókn um varmadælur - 2607009

Óðinn Kristmundsson sækir um leyfi fyrir tveimur varmadælum. Um er að ræða 10 kw/h fristandandi loft í vatn á vesturhlið húss og 6 kw/h loft í loft á vesturhlið bílskúrs.

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.

Samþykkt

10. Vallholt 20 - Umsókn um leyfi fyrir klæðningu - 2607010

Jón Haukur Hilmarsson sækir um byggingarleyfi fyrir því að klæða hús sitt að Vallholti 20 með flisum. Húsið er steinsteypt.

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir fyrir sitt leyti útgáfu byggingarheimildar að uppfylltum skilyrðum gr. 2.3.4 og gr. 2.3.7 byggingarreglugerðar nr. 112/2012

Samþykkt

11. Önnur mál - Umhverfis- og skipulagsnefnd 2026 - 2601006

- Náttúruhamfaratrygging Íslands - Áminning um ákvæði 16. gr. laga nr. 55/1992
Kynnt

- Nefndin minnir á að smáhýsi séu tilkynningarskyld og ávallt skuli tilkynna þau áður en bygging hefst.

HL MK MPa AH 777
GK 99 AH UK
AR

UMHVERFIS- OG SKIPULAGNEFND SNÆFELLSBÆJAR

- Tekið inn með afbrigðum: Furubrekka - Fyrirspurn vegna vélaskemmu
Umhverfis- og skipulagsnefnd tekur jákvætt í erindið og kallar eftir gögnum sem
uppfylla byggingarreglugerð.

- Tekið inn með afbrigðum: Bárðará 7 - Umsókn um leyfi fyrir þegar byggðum kofa
Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir ekki erindið þar sem smáhýsið uppfyllir ekki
kröfur Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar um reglur um brunavarnir. Umsækjandi er
hvattur til að hafa samband við byggingarfulltrúa til að ræða úrlausnir.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 12:30.

Stúlka Þ. Þ. Þ.

Matthías Póll Gunnarsson

Ólafur Pálsson

Gunnar Pálsson

Hallgrímur Þor

Kristján Hermannsson

Fluor Jens Jónsson

Fluor Jens Jónsson

Valgerður Hlín Kristmannsdóttir

Smári 2 Lúðvíksson

36. fundur framkvæmdateymis Snæfellsbæjar haldinn 1. september 2026 í fundarsal Ráðhússins og hófst hann kl. 10:00.

Mætt: Kristinn Jónasson, Þórður Tryggvi Stefánsson, Smári Jónas Lúðvíksson, Valgerður Kristmannsdóttir, Ragnar Már Ragnarsson, Baldvin Leifur Ívarsson, Matthías Páll Gunnarsson, Ævar Sveinsson og Vagn Ingólfsson.

Lilja Ólafardóttir ritaði fundargerð.

1) Þórður fór yfir neðangreinda punkta um framkvæmdir á vegum Hafnarsjóðs:

- a) Lengingu stálþils á Norðurbakka er lokið, en eftir er að setja stiga.
- b) Búið er að bjóða út þekju og lagnir vegna Norðurbakka. Stafnafell ehf var lægstbjóðandi og fékk verkið.
- c) Búið er að gera 76 dekkjalengjur sem eiga að fara á Norðurþil í Rífi.
- d) Búið er að sprauta þakið á verkstæðinu í Rífi.

2) Leifur fór yfir framkvæmdir:

- a) Lokið var við Engihlíð 20, 3hm, og er nýr leigjandi fluttur þar inn.
- b) Sparslað og undirbúið fyrir málningu í Vallholt 19, 2hv.
- c) Lagt nýtt gólfefni á hluta af leikskólanum Kriubóli ásamt ýmsu smávægilegu.
- d) Eldhús í Leikskólanum Krílakoti undirbúið fyrir epoxy og síðan sett upp aftur. Ekki fulllokið. Ýmis smærri verk.
- e) Settar upp nýjar gardínur í tónlistarskólanum í Ólafsvík.
- f) Allskonar smáverkefnum sinnt í Röst vegna Sólmyrkvahátíðar.
- g) Lagað/löguð leiktæki á Lýsuhóli og sett upp slönguhengi við Lýsulaug.
- h) Farið yfir ástand v/skila á Engihlíð 16f.
- i) Ýmis önnur verkefni t.d v/Jaðar og ýmissa íbúa í leiguhúsnæði.
- j) Ný handlaug var sett upp í Pakkhúsinu í Ólafsvík.

3) Vagn fór yfir framkvæmdir vegna grunnskólans.

Ólafsvíkurdeild

- a) Textílmennistarstofan var spörtsluð og máluð. Skjávarpi var fjarlægður og 75 tommu sjónvarp sett upp.
- b) Í stofu 8 var skjávarpi fjarlægður og 75 tommu sjónvarp sett upp.
- c) Samskipti við verktaka vegna eldhússframkvæmda.
- d) Annars almennt viðhald og samskipti við verktaka.

Hellissandsdeild

- e) Vegasöltin voru tekin af skólalóðinni og máluð, en beðið er eftir legum til að setja þau upp aftur.

Handwritten signatures and initials in blue ink:
V/i
MPG
Ólaf
JS
XR
M

4) Matthías fór yfir framkvæmdir vegna íþróttamannvirkja, slökkvistöðvar og tölvumála.

Íþróttahús Ólafsvík

- a) Tekið til í geymslum og farið með rusl.

Sundlaug

- b) Þak og þakkkantar málað
- c) Skipt um botn í bakskolunarloka
- d) Nýtt saunahús sett upp
- e) Lagt fyrir rafmagni í nýja saunahúsið
- f) Skipt um tíðnibreyti fyrir vaðlaugardælu
- g) Rampur steypdur fyrir framan inngang
- h) Gert við sundlauga róbóta
- i) Bakbretti endurnýjað
- j) Eftirlitsmyndavélar endurnýjaðar á norður og vestur hlið
- k) Rafbúnaður í klórvél lagaður
- l) Vatn endurnýjað í potti A og B
- m) Skipt um hluta af vatni í vaðlaug og sundlaug
- n) Gamla saunatunnan fjarlægð og steypuker við hurð

Fótboltavöllur

- o) Völlurinn í Ólafsvík var djúphreinsaður.
- p) Gert var við ljós í möstrum. Þá er búið að endurnýja 18 ljós en enn eru 6 ljós upprunaleg
- q) Gert var við gervigrasið.
- r) Stúkan var máluð.
- s) Skipt var um brotna stóla í stúkunni.
- t) Gengið var frá netköplum í vallarmyndavél.

Slökkvilið

- u) Farið var yfir brunahana.
- v) Slökkviliðið stóð vaktina í Ólafsvík og á Hellissandi þann 12. ágúst þegar sólmyrkvinn var.
- w) Grjót var þrifið í gilinu fyrir Borgarverk.
- x) Farið var í úttektir á tónleikasvæðinu á Hellissandi fyrir Iceland Eclipse.
- y) Slökkviliðið fór í útkall vegna elds í trillu sem dregin var til hafnar í Rífi.
- z) Slökkviliðið fór í útkall vegna elds í gamla frystihúsinu á Hellissandi.
- aa) Búið er að kaupa rennslismáli til að geta mælt rennsli í brunahönum. Búið er að mæla rennslið í 10 brunahönum í Ólafsvík.
- bb) Farið var í brunaeftirlit í sumar í fyrirtækjum.

Tölvumál og annað

- cc) GPS mælingar á lögnum.
- dd) Ný netföng fyrir grunnskólastarfsmenn.

5) Ragnar, Smári og Valgerður fóru yfir punkta vegna tæknideildarinnar:

- a) Endurbætur á eldhúsi grunnskólans í Ólafsvík eru á lokametrunum og klárast þær í vikunni. Endurbæturnar fólu í sér að allt var hreinsað út úr rýminu s.s gólfefni, milliveggir, raf- og

Handwritten notes and signatures at the bottom of the page, including "MPG", "SIL", and several initials.

vatnslagnir og loftaklæðning. Innra skipulagi eldhússins var breytt þannig að vinnuaðstaðan varð til mikils batnaðar. Sagað var í gólf fyrir nýjum vatns- og fráveitulögnum og steyp t í raufar og gólf flotuð. Nýir milliveggir voru reistir og spartlaðir og málaðir. Sett voru ný kerfis loft sett upp og lýsing endurnýjuð. Settir voru upp „walk in“ frysti- og kæliklefar í stað fristandandi skápa sem voru áður. Lagt var Epoxy á gólfín og hluta veggjanna. Ný loftræsting var sett upp auk nýs háfs sem kominn er fyrir ofan eldunarlinuna. Öll tæki og tól eru í mjög góðu standi og verða þau nýtt áfram en keypt var ný veltipanna. Fyrir utan eldhúsið var sett upp fituskilja sem tengist fráveitulögnum eldhússins.

- b) Gerðar voru endurbætur á eldhúsi leikskólans í Ólafsvík. Gólfefni voru fjarlægð og epoxy sett á vegg og gólf. Einnig verður skipt um vinnuborð og ný borð úr rústfríu stáli sett í staðinn.
- c) Skipt var um glugga á austuhlið Klifs.
- d) Þak sundlaugarinnar sem ekki náðist að klára síðasta sumar, var málað í sumar ásamt þaki „gamla“ skólans og millibyggingar. Einnig voru gluggar í skólanum málaðir að utan.
- e) Steypar voru nýjar tröppur og rampur fyrir framan aðalinngang Rastarinnar. Einnig var steyp nýtt plan við bakinngang hússins.
- f) Klárað var að mála eldri hluta Jaðars að utan í sumar þar sem ekki náðist að klára það síðasta sumar vegna vætu.
- g) Búið er að skipta um alla glugga í bókasafni og tónlistaskólanum, fyrir utan þá sem skipt hafði verið um fyrir nokkrum árum á austurgafli og hluta af suðurhlið hússins.
- h) Unnið er að endurnýjun á nokkrum gluggum á Lýsuhólsskóla.
- i) Byrjað er að mála Vallholt 19 að utan. Veggir verða háþrýstipvegnir og gluggar og veggir málaðir.
- j) Búið er að skipta um fremri og innri aðalinngang í ráðhúsinu. Nýju hurðirnar eru ál rennihurðir með rafstýringu og hreyfiskynjurum sem auðveldar aðgengi fyrir alla.
- k) Gerðar voru endurbætur á þaki líkshússins. Lagður var nýr dúkur á þakið og gengið frá portveggjum með flasningum.
- l) Leikskólinn Krílakot - Miklar endurbætur voru gerðar á lóð leikskólans Krílakots í sumar. Svæði sunnan við bygginguna var stækkað, undirlag lagfært og fallvörn endurnýjuð. Litríkt gervigras kom í staðinn fyrir gúmmihellur og steinhellur. Hóllinn aftan við svæðið var minnkaður og endurmótaður. Grasmottur voru settar yfir þökurnar á hólnum til þess að verja þær á meðan þær róta sig. Grasmottur voru að auki settar undir þau leiktæki þar sem fallvörn var ábótavant. Tvö ný rólusett, kastali, ruggutæki og trampólín voru sett niður ásamt myndum í gervigrasi sem auðga leik barnanna. Þar að auki voru keypt tvö ný vegasölt sem á eftir að setja niður en áætlað er að gera það í haust. Bátum Rakel var aftur komið fyrir á sínum stað eftir að hafa verið lagfærður af höfðingjum í Höllinni.
- m) Leikskólinn Kríuból – Trampólín og auka fallvarnir voru keyptar fyrir lóðina.
- n) Lýsuhólsskóli – Nýr sandkassi, körfuróla og hringekja voru keypt.
- o) Grunnskólinn á Hellissandi - Miklar breytingar voru gerðar á skólalóð Grunnskólans á Hellissandi en þar reis stór og mikill kastali í sumar. Umfram jarðvegur var nýttur til þess að móta tvo hóla á annars mjög flatrí lóð. Fjögur leiktæki voru fjarlægð og öðrum leiktækjum komið fyrir til að nýta lóðina betur. Rastergrindur voru fjarlægðar og þökur lagðar í staðinn. Verkefnið er þó ekki alveg búið en til stendur að koma fyrir tveimur nýjum rólum til viðbótar.
- p) Sólmyrkvi og Eclipses - Undirbúningur og skipulagning vegna Eclipse hátíðarinnar og sólmyrkvans var töluverður enda um að ræða viðamikla viðburði. Þar má nefna fjölda funda með hátíðarhöldurum, skipulagningu staðsetningar fyrir matvagna og skipulagningu og útfærslu bíla- og rútustæða fyrir gesti vegna sólmyrkvans. Gert var ráð fyrir 1300 manns í rútum á Rífi og yfirflæðisstæði voru merkt á Breiðinni. Þá var bæjarfélagið gert snyrtilegt og auka

MPG
VI
Oval
75
A

efni bætt í ecorastergrindur í stígum. Að auki var reistur minnisvarði á Hellissandi um atburðinn.

- q) Umsjón og utanumhald með vinnuskóla - Í ár voru um 70 krakkar í vinnuskóla Snæfellsbæjar og var eins og áður 8. bekkur í 4 vikur og 9., 10. bekkur og fyrsti í framhald í 6 vikur einnig voru nokkrir lengur til að sinna slætti og sérverkefnum.
- r) Garðsláttur fyrir eldri borgara - Sláttur fyrir eldri borgara í ár náði til 42 garða en þeir voru allir slegnir þrisvar sinnum en síðasti sláttur var í kringum verslunarmannahelgi en uppúr því hætti sláttugengið í vinnu.
- s) Sumarblóm - Eins og fyrri ár var sumarblómum komið fyrir í tólf blómakerjum með ágætis árangri. Undanfarin ár hafa verið ~~í þeim gerðar~~ tilraunir með fjölarar plöntur samhliða sumarblómum, það þá hefur gengið ágætlega og er alltaf að koma betur í ljós hvaða tegundir eru að virka. Kerin verða síðan flutt í var fyrir veturinn.
- t) Stækkun tjaldstæðis Hellissandi - Tjaldstæðið á Hellissandi var stækkað um tæpa 1.400 m² í sumar. Það var þökulagt og tekið í notkun rétt fyrir sólmyrkvann 12. ágúst.
- u) Tjaldstæðið í Ólafsvík - Tjaldstæðið var tímabundið stækkað með slætti til þess að geta tekið við fleiri gestum í sambandi við sólmyrkvann. Bæði tjaldstæðin í Snæfellsbæ voru fullnýtt vikuna 9. - 15. ágúst.
- v) Auk þeirra verkefna sem talin eru upp hér að ofan voru dagleg verkefni hjá tæknideildinni er varða þjónustu við íbúa, endurnýjun lóðarleigusamninga, breytt landamerki, yfirferð teikninga, úttektir, skipulagsmál, verkefni tengd opnum svæðum svo eitthvað sé nefnt.

6) Kristinn og Ævar fóru yfir nokkra punkta vegna framkvæmda sumarsins:

- a) Farið var í að steypa nýjar tröppur og ramp fyrir framan Röstinu. Jafnframt var steipt ný stétt fyrir aftan húsið frá eldhúsi að inngangi baksviðs.
- b) Sett var upp minnismerki vegna almyrkvans á Hellissandi. Heimir Berg vann það verk í samvinnu við Smíðjuna Fönn og er það mjög vel heppnað.
- c) Unnið var að stækkun tjaldsvæðisins á Hellissandi og er því verki lokið.
- d) Tjaldstæðið í Ólafsvík var jafnframt stækkað í sumar.
- e) Töluverð vinna og tími fór í skipulag og undirbúning vegna almyrkvans. Það var mikið um að vera í Snæfellsbæ þá viku sem almyrkvinn var, bæði vegna tónlistarhátíðarinnar sem var á Hellissandi, en líka vegna annarra gesta og ferðamanna. Þetta tókst sem betur fer mjög vel.
- f) Í sumar er búið að vera að vinna við endurnýjun á eldhúsinu í grunnskólanum í Ólafsvík. Verkið hefur gengið ágætlega og er að mestu leyti búið.
- g) Skipt var um glugga í húsnaði tónlistarskóla og bókasafns í Ólafsvík.
- h) Farið var í að þrifa hellur á þaki Jaðars.
- i) Skipt var um glugga í kaffisalnum í Klifi.
- j) Unnið er við lokafrágang við Gilið í Ólafsvík.
- k) Hafin er framkvæmd á sjóvörn undir Enni. Framkvæmdin er á vegum Vegagerðarinnar.
- l) Unnið var við lóðarframkvæmdir í leikskólanum í Ólafsvík. Skipulagi var breytt, leiktækjum var að hluta skipt út og undirlag endurnýjað.
- m) Unnið var við lóðarframkvæmdir við grunnskólahúsnaðið á Hellissandi. Skipulagi var breytt og leiktæki endurnýjuð.
- n) Unnið var við framkvæmdir við Höskuldsána en framkvæmdum er ekki lokið.
- o) Klæddur var hluti af veginum frá bílaplani við Svöðufoss að Sveinsstöðum.
- p) Unnið var við gangstéttir í Vallholti og Þverholti í Ólafsvík.
- q) Hafnar eru framkvæmdir við lokaáfangalagningu ljósleiðara í Ólafsvík. Þær framkvæmdir eru á vegum Mílu.

Oræ
SIL
MPC
TS
H
VI

- r) Skipt var um útihurð í anddyrinu í Ráðhúsinu. Settar voru upp rennihurðir og aðgengi bætt til muna.
- s) Töluverð vinna var hjá sumarfólki í að sinna umhirðu við opin svæði og voru ýmis svæði þökulögð í sumar.
- t) Unnið var við frágang við lóð á Lýsuhólsskóla. Framkvæmdum er ekki lokið.
- u) Skipt var um glugga í Lýsuhólsskóla.

Næsti fundur verður þriðjudaginn 6. október kl. 09:00.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:45

Páll Stefánsson
Ástinn Þorvaldursson
Árni Þor
Smári J. Guðvígsson
Ólafur Þor
Matthias Páll Gunnarsson
Ólafur Þorvaldursson
Vagn Ingólfsson

SAMÞYKKT UM STJÓRN SNÆFELLSBÆJAR

I. KAFLI

Um skipan bæjarstjórnar, sjálfstjórn hennar og verkefni sveitarfélagsins.

1. gr.

Skipan sveitarstjórnar

Bæjarstjórn Snæfellsbæjar er skipuð 7 fulltrúum sem kjörnir eru lýðræðislegri kosningu af íbúum sveitarfélagsins samkvæmt lögum um kosningar til sveitarstjórna.

2. gr.

Sjálfstætt stjórnvald

Snæfellsbær er sjálfstætt stjórnvald, sem er stjórnað af lýðræðislega kjörinni bæjarstjórn í umboði íbúa sveitarfélagsins.

3. gr.

Verkefni sveitarfélags

Snæfellsbær annast þau lögmætu verkefni sem sveitarfélaginu eru falin í lögum, sbr. 7. gr. sveitarstjórnarlaga eins og nánar er útfært í stefnumörkun bæjarstjórnar á hverjum tíma.

Snæfellsbær skal gæta hagsmuna sveitarfélagsins, vera í forsvari fyrir það og vinna að sameiginlegum velferðarmálum íbúa þess eftir því sem fært þykir á hverjum tíma.

Snæfellsbær er heimilt að taka að sér hvert það verkefni sem varðar íbúa sveitarfélagsins, enda sé það ekki falið öðrum að lögum.

II. KAFLI

Um bæjarstjórn.

4. gr.

Hlutverk bæjarstjórnar

Bæjarstjórn fer með stjórn sveitarfélagsins samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, sbr. síðari breytingar, annarra laga og samþykkt þessari.

Bæjarstjórn hefur ákvörðunarvald um nýtingu tekjustofna, lántökur og ráðstöfun eigna og um framkvæmd verkefna sveitarfélagsins.

5. gr.

Verkefni bæjarstjórnar

Meðal verkefna bæjarstjórnar er:

1. Að sjá um að lögbundnar skyldur séu rættar og hafa eftirlit með því að fylgt sé viðeigandi reglum í störfum sveitarfélagsins.
2. Að kjósa forseta og varaforseta bæjarstjórnar, sbr. 13. gr. sveitarstjórnarlaga, bæjarráð og aðrar nefndir, ráð og stjórnir skv. V. kafla sveitarstjórnarlaga, að ráða löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki sem annast skal endurskoðun hjá sveitarfélaginu, sbr. VII. kafla sveitarstjórnarlaga.
3. Að setja bæjarstjórn siðareglur, sbr. 29. gr. sveitarstjórnarlaga.
4. Að ákveða stjórnskipan sveitarfélagsins, ráða bæjarstjóra, sbr. 54. gr. sveitarstjórnarlaga og aðra starfsmenn í helstu stjórnunarstöður sveitarfélagsins, sbr. 56. gr. laganna.
5. Að móta stefnu fyrir starfsemi bæjarstjórnar, deilda og stofnana, setja starfsemi bæjarstjórnar reglur, setja samþykktir og gjaldskrár, eftir því sem lög mæla fyrir um og þörf krefur.
6. Að fara með fjárstjórnarvald sveitarfélagsins, sbr. 58. gr. sveitarstjórnarlaga og gera fjárhagsáætlanir, sbr. 62. gr. sömu laga.
7. Að bera ábyrgð á fjármálum sveitarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja, sbr. 77. gr. sveitarstjórnarlaga og VIII. kafla samþykktar þessarar og taka ákvarðanir um verulegar skuldbindingar sveitarfélagsins til lengri tíma.
8. Að hafa eftirlit með framkvæmd samstarfsverkefna og þjónustusamninga, sbr. IX. kafla sveitarstjórnarlaga.

9. Að veita íbúum sveitarfélagsins og þeim sem njóta þjónustu þess upplýsingar um málefni sem snerta hagi þeirra og um samstarf sem sveitarfélagið hefur við önnur sveitarfélög, sbr. 103. gr. sveitarstjórnarlaga.
10. Bæjarstjórn staðfestir erindisbréf fyrir nefndir, ráð og stjórnir þar sem kveðið er á um hlutverk þeirra, valdsvið, starfshætti og framsal til fullnaðarákvörðunar og starfshætti þeirra í samræmi við lög, reglugerðir og almennar samþykkt bæjarstjórnar.

6. gr.

Ný bæjarstjórn tekur til starfa

Nýkjörin bæjarstjórn tekur til starfa 15 dögum eftir kjördag. Jafnlengi heldur fráfarandi bæjarstjórn umboði sínu, með þeim takmörkunum sem leiðir af lögum um kosningar til sveitarstjórna. Nýkjörin bæjarstjórn hefur einungis umboð til töku ákvarðana um málefni bæjarstjórnarinnar eða sveitarfélagsins eftir að hún tekur við störfum.

Sá fulltrúi í nýkjörinni bæjarstjórn sem á að baki lengsta setu í bæjarstjórn boðar til fyrsta fundar, eigi síðar en 15 dögum eftir að hún tekur við störfum eftir kosningar. Hann stýrir fundi þar til forseti hefur verið kjörinn. Hafi tveir eða fleiri fulltrúar setið jafnlengi í bæjarstjórn fer aldursforseti þeirra með verkefni samkvæmt þessari málsgrein.

Fyrsta fund skal boða með a.m.k. fjögurra daga fyrirvara.

7. gr.

Kjör forseta bæjarstjórnar og varaforseta

Á fyrsta fundi kys bæjarstjórn forseta og fyrsta og annan varaforseta. Skal kjörtímabil þeirra vera hið sama og bæjarstjórnar.

Njóti forseti eða varaforseti ekki lengur stuðnings bæjarstjórnar skal kjósa í þau embætti að nýju. Hið sama á við ef forseti eða varaforseti forfallast varanlega eða fær lausn frá starfi. Tilkynna skal kosningu forseta og varaforseta til ráðuneytis þegar að því loknu.

Sá telst rétt kjörinn forseti sem fær atkvæði meirihluta þeirra sem sæti eiga í bæjarstjórn. Verði þeim atkvæðafjöldi ekki náð skal kjósa að nýju. Við aðra umferð telst sá rétt kjörinn sem fær meiri hluta atkvæða þeirra sem sitja fundinn eða ef viðkomandi er sá eini sem fær atkvæði. Fáist ekki niðurstaða við aðra umferð skal kosið í þriðja sinni en þá á milli þeirra tveggja sem flest atkvæði fengu við aðra umferð. Ef nauðsynlegt reynist skal varpa hlutkesti um það milli hverra tveggja verður kosið. Verður þá sá rétt kjörinn sem fleiri atkvæði fær. Verði atkvæði jöfn ræður hlutkesti.

Forseti bæjarstjórnar stjórnar kjöri 1. og 2. varaforseta bæjarstjórnar til að gegna, í þeirri röð, störfum forseta í forföllum hans. Skal kosning þeirra vera hlutfallskosning enda sé ekki full samstaða um annað innan bæjarstjórnar.

Sé enginn forseti á fundi gegnir aldursforseti forsetastörfum nema bæjarstjórn ákveði að kjósa sérstakan fundarstjóra.

Ef forseti fellur frá eða verður varanlega forfallaður skal kjósa forseta í hans stað til loka kjörtímabils hans.

III. KAFLI

Fundir bæjarstjórnar og fundarsköp.

8. gr.

Fundir bæjarstjórnar.

Bæjarstjórn Snæfellsbæjar heldur reglulega fundi bæjarstjórnar að jafnaði einu sinni í mánuði. Eru þeir haldnir í Ráðhúsi Snæfellsbæjar, fyrsta fimmtudag hvers mánaðar og hefjast fundir kl. 17:00.

Bæjarstjórnarmönnum/nefndarmönnum í bæjarstjórn og í nefndum og ráðum á vegum bæjarfélagsins er heimilt að taka þátt í fundi með rafrænum hætti séu þeir staddir í bæjarfélaginu eða í erindagjörðum á vegum þess.

Aukafundi skal halda þegar forseti og bæjarstjóri telja það nauðsynlegt eða ef þriðjungur bæjarfulltrúa óska þess.

Bæjarstjórn er heimilt að fella niður reglulegan fund sinn, enda sé tillaga um slíkt samþykkt mótatkvæðalaust á næsta fundi bæjarstjórnar á undan.

Bæjarstjórn er heimilt að fella niður reglulega fundi bæjarstjórnar vegna sumarleyfis.

9. gr.

Boðun bæjarstjórnarfunda

Bæjarstjóri boðar fundi bæjarstjórnar. Fundarboð, ásamt dagskrá og fylgigögnum, skal berast bæjarfulltrúum eigi síðar en tveimur sólarhringum fyrir fund.

Heimilt er að senda fundarboð, dagskrá og fylgigögn, rafrænt til bæjarfulltrúa, aðalmanna og varamanna, með tölvupósti. Heimilt er að boða fundi bæjarráðs og fastanefnda rafrænt með sama hætti og boðun funda bæjarstjórnar.

Aukafund skal boða eigi síðar en tveimur virkum dögum eftir að ósk þar um berst bæjarstjóra. Fundarboð vegna aukafundar skal berast bæjarfulltrúum svo fljótt sem auðið er og eigi síðar en sólarhring fyrir fund. Fundarboði skal fylgja dagskrá fundar og þau gögn sem eru nauðsynleg til að bæjarfulltrúar geti tekið upplýsta afstöðu til mála sem þar eru tilgreind.

10. gr.

Dagskrá bæjarstjórnarfundar

Bæjarstjóri semur dagskrá bæjarstjórnarfunda í samráði við forseta og skal dagskráin fylgja fundarboði.

Á dagskrá bæjarstjórnarfundar skal taka:

1. Lögákveðnar kosningar, s.s. kosningar forseta bæjarstjórnar, kosningar nefnda, ráða og stjórna á vegum bæjarstjórnar, svo og ráðningu bæjarstjóra og helstu stjórnenda sveitarfélagsins og endurskoðendur þess.
2. Fundargerðir bæjarráðs, nefnda, ráða og stjórna á vegum sveitarfélagsins.
3. Ályktanir og tillögur sem fram koma í fundargerðum sbr. 2. tölulið hér að framan og þarfnast staðfestingar bæjarstjórnar, skal tilgreina sérstaklega í dagskrá.
4. Önnur mál sem falla undir verksvið bæjarstjórnar og bæjarstjóri eða forseti ákveða að taka á dagskrá eða einhver bæjarfulltrúi óskar að tekin verði á dagskrá.

Bæjarfulltrúi sem óskar að fá mál tekið á dagskrá bæjarstjórnarfundar skal tilkynna það bæjarstjóra skriflega eigi síðar en þremur sólarhringum fyrir fund svo unnt sé að taka það á dagskrá.

11. gr.

Tilkynning til íbúa um fundi bæjarstjórnar

Í upphafi kjörtímabils bæjarstjórnar tekur bæjarstjórn ákvörðun um hvar og hvenær bæjarstjórnarfundir eru haldnir, sbr. 8. gr. samþykktar þessarar, og skal sú ákvörðun kynnt íbúum sveitarfélagsins með tryggum hætti.

Íbúum sveitarfélagsins skal kynnt með auglýsingu á vefsíðu sveitarfélagsins um fyrirhugaða fundi bæjarstjórnar, ásamt dagskrá, innan sömu tímafresta og við á um bæjarfulltrúa, enda standi reglur um þagnarskyldu ekki í vegi fyrir því.

12. gr.

Opnir fundir bæjarstjórnar

Fundir bæjarstjórnar eru opnir, en heimilt er að ákveða að einstök mál skuli rædd fyrir luktum dyrum þegar það telst nauðsynlegt vegna eðlis máls. Bæjarstjóri eða bæjarstjórn getur jafnframt ákveðið að ræða fyrir luktum dyrum tillögu um lokun fundar. Tillaga um að mál skuli rædd fyrir luktum dyrum skal afgreidd umræðulaust í bæjarstjórn.

Óheimilt er að skýra frá því sem fram kemur við umræður á lokuðum fundi í bæjarstjórn.

Þrátt fyrir að fundi sé lokað er heimilt að ákveða að tilteknir starfsmenn sveitarfélags séu viðstaddir.

13. gr.

Ályktunarhæfi og atkvæðagreiðsla

Bæjarstjórn getur enga ályktun gert nema meira en helmingur bæjarstjórnarmanna sé viðstaddur á fundi.

Á bæjarstjórnarfundum ræður afl atkvæða úrslitum mála. Hjáseta telst þátttaka í atkvæðagreiðslu. Ef jafnmörg atkvæði eru með málefni og á móti fellur það en við kosningar ræður hlutkesti.

14. gr.

Fjarfundabúnaður

Um framkvæmd fjarfunda gildir auglýsing ráðherra, sbr. 2. mgr. 19. gr. sveitarstjórnarlaga.

15. gr.

Tvær umræður í bæjarstjórn

Bæjarstjórn skal hafa tvær umræður með a.m.k. einnar viku millibili um:

1. Samþykktir, reglugerðir og gjaldskrár sem samkvæmt lögum eiga að hljóta staðfestingu ráðherra.
2. Staðfestingu ársreiknings.
3. Stefnumarkandi áætlanir sem gilda eiga til lengri tíma og taka til sveitarfélags í heild eða meirihluta þess.
4. Tillögu um sameiningu við annað sveitarfélag, skv. 2. mgr. 120. gr. sveitarstjórnarlaga.

Þá skal bæjarstjórn hafa tvær umræður, með a.m.k. tveggja vikna millibili, um fjárhagsáætlanir sveitarfélagsins, skv. 62. gr. sveitarstjórnarlaga. Ákvæði þetta gildir þó ekki um samþykkt viðauka við fjárhagsáætlanir.

16. gr.

Fundarsköp og ritun fundargerða

I. Fundarsköp

1. *Fundarstjórn.* Forseti bæjarstjórnar stýrir fundum hennar. Hann setur fund, kannar lögmati hans, stjórnar umræðum og afgreiðslu mála og slítur fundi þegar dagskrá hans er tæmd. Hann sér um að fundargerðir séu færðar og að allar tillögur og ályktanir séu rétt og nákvæmlega bókaðar, svo og hverja afgreiðslu þær hljóta. Forseti sér um að allt fari skipulega og löglega fram á fundum bæjarstjórnar. Forseti úrskurðar um skilning á fundarsköpum samkvæmt samþykkt þessari, en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar bæjarstjórnar.
2. *Vald forseta.* Skylt er bæjarfulltrúa að lúta valdi forseta í hvívetna varðandi það að gætt sé góðrar reglu. Ef bæjarfulltrúi ber aðra menn brigsllum eða vikur verulega frá umræðuefninu skal forseti víta hann. Ef bæjarfulltrúi er víttur tvisvar á sama fundi getur forseti lagt til við bæjarstjórn að hann verði sviptur málfrelsi það sem eftir er fundar. Skal sú tillaga afgreidd umræðulaust. Ef bæjarfulltrúi óhlýðnast úrskurði forseta eða almenn óregla kemur upp á fundi, skal forseti gera hlé um stundarsakir eða ef nauðsyn krefur fresta eða slíta fundi. Raski áheyrandi fundarfriði getur forseti vísað honum úr fundarsal. Leyfi forseta þarf til að taka myndir og hljóðrita umræður á bæjarstjórnarfundum.
3. *Afgreiðsla mála.* Mál skulu tekin til umræðu og afgreidd í bæjarstjórn í þeirri röð sem þau eru á dagskrá, nema forseti eða bæjarstjórn ákveði annað. Forseti getur ákveðið að tiltekið mál í fundargerð sem er á dagskrá verði gert að sérstökum dagskrárlíð á fundinum. Heimilt er að taka til meðferðar á bæjarstjórnarfundum mál sem ekki hefur verið á dagskrá, ef 2/3 viðstaddra bæjarfulltrúa samþykkja slíkt afbrigði.
4. *Málfrelsi bæjarstjóra.* Bæjarstjóri skal sitja fundi bæjarstjórnar með málfrelsi og tillögurétt, en hann hefur ekki atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn í bæjarstjórn.
5. *Málfrelsi.* Bæjarfulltrúi hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum bæjarstjórnar. Bæjarfulltrúi sem taka vill til máls skal óska heimildar forseta. Að jafnaði skulu menn taka til máls í þeirri röð sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Heimilt er að víkja frá þessu ef um er að ræða bæjarstjóra eða framsögumann, svo og bæjarfulltrúa sem gera vill stutta athugasemd, bera af sér ámæli eða veita andsvar. Ef tveir eða fleiri kveða sér samtímis hljóðs ákveður forseti í hvaða röð þeir tala. Bæjarfulltrúi skal rísa á fætur þegar hann flytur mál sitt nema forseti leyfi annað.
6. *Ávarp ræðumanns.* Bæjarfulltrúi skal beina máli sínu til forseta. Bæjarfulltrúi skal ávarpa einstaka bæjarfulltrúa með nafni. Þegar til umræðu er fundargerð skal bæjarfulltrúi taka fram hvaða lið fundargerðarinnar hann óskar að ræða. Ekki má bæjarfulltrúi lesa upp prentað mál við umræður í bæjarstjórn nema með leyfi forseta.
7. *Hve oft má tala.* Bæjarfulltrúi má tala tvisvar við hverja umræðu máls. Heimilt er þó bæjarfulltrúa að taka oftari til máls til að bera af sér ámæli eða til að gera stutta athugasemd við fundarsköp. Bæjarstjóri, flutningsmaður tillögu eða framsögumaður mega þó tala oftari en tvisvar við hverja umræðu máls. Bæjarstjóri hefur óbundið málfrelsi.
8. *Ræðutími.* Telji forseti umræður dragast úr hófi fram, getur hann lagt fram dagskrártillögu um að ræðutími hvers bæjarfulltrúa verði takmarkaður, umræðum verði lokið á tilteknum tíma eða umræðum um mál verði þegar hætt. Hver bæjarfulltrúi getur og borið fram slíkar tillögur. Þá getur forseti, hvenær sem er lagt til að umræðu skuli lokið á ákveðnum tíma. Bæjarstjórn afgreiðir tillögur um takmörkun umræðna umræðulaust. Ekki má þó takmarka umræðu svo um mál að hún standi skemur en tvær klukkustundir, meðan nokkur bæjarfulltrúi kveður sér hljóðs.
9. *Tillögur og afgreiðsla.* Bæjarfulltrúi getur borið fram breytingartillögu, viðaukatillögu, frávísunartillögu eða frestunartillögu við hvert það mál sem til umræðu er á fundi. Slíkar tillögur skulu vera skriflegar. Forseti ákveður í hvaða röð og með hvaða hætti slíkar tillögur eru teknar til afgreiðslu í samræmi við almennar reglur um fundarsköp.

Forseti sker úr því hvernig atkvæðagreiðslum um tillögur skuli hagað.

10. *Réttur til bókunar.* Bæjarfulltrúi á rétt á að fá bókaða stutta athugasemd um afstöðu sína til máls, sem til umræðu er í bæjarstjórn.
11. *Atkvæðagreiðsla.* Atkvæðagreiðsla á bæjarstjórnarfundi fer að jafnaði fram með handauppréttingu. Bæjarfulltrúar greiða atkvæði úr sætum sínum. Forseti biður þá bæjarfulltrúa sem samþykka mál að rétta upp hönd sína. Að því búnu leitar forseti mótatkvæða með sama hætti. Loks skýrir forseti frá úrslitum atkvæðagreiðslunnar. Ef mál er svo vaxið, að forseti telur ástæðulaust að atkvæðagreiðsla fari fram um það, skýrir hann frá því að hann telji mál samþykkt eða fellt án atkvæðagreiðslu nema athugasemd verði við það gerð. Forseti getur ákveðið að mál verði afgreitt með nafnakalli. Einnig ber forseta að láta fara fram nafnakall, ef a.m.k. þriðjungur bæjarfulltrúa óskar þess. Við nafnakall skal farið eftir tölusettri nafnaskrá bæjarfulltrúa í stafrófsröð og skal það ráðast af útdrætti hvaða bæjarfulltrúi greiðir fyrst atkvæði við nafnakall. Við nafnakall skal forseti greiða atkvæði síðastur. Við nafnakall svarar bæjarfulltrúi, þegar forseti les upp nafn hans, já eða nei eftir því hvort hann er með máli eða á móti eða tekur fram að hann greiði ekki atkvæði, en slík afstaða telst þó þátttaka í atkvæðagreiðslu. Heimilt er að afgreiða mál með skriflegri atkvæðagreiðslu, ef bæjarfulltrúi óskar og bæjarstjórn samþykkir.
12. *Kosningar.* Kosningar sem fara fram í bæjarstjórn, skv. 43. gr. sveitarstjórnarlaga, skulu vera leynilegar og bundnar hlutfallskosningar ef þess er óskað. Þegar um meirihlutakosningu er að ræða svo sem við kjör eins fulltrúa úr hópi tveggja eða fleiri, skal kosning fara fram eins og við forsetakjör. Bæjarstjórn ber að hafa í huga ákvæði 4. tölul. 1. mgr. 45. gr. sveitarstjórnarlaga varðandi kynjahlutfall.

II. Ritun fundargerða

1. *Fundargerðir.* Fundargerðir bæjarstjórnarfundar skal rita og færa í gerðabók í samræmi við fundarskóp bæjarstjórnar. Á fundum fastanefnda skv. samþykkt þessari, annarra nefnda, stjórna og ráða á vegum Snæfellsbæjar, skal rita fundargerðir með sams konar hætti og fundargerðir bæjarstjórnar.
2. *Gerðabók.* Fundargerðir bæjarstjórnar, skal rita í gerðabók sem skal vera innbundin með tölusettum blaðsíðum.
3. *Efni fundargerða.* Í fundargerðum bæjarstjórnar, fastanefnda, annarra nefnda, stjórna og ráða á hennar vegum skv. samþykkt um stjórn sveitarfélagsins, skulu eftirfarandi atriði koma fram:
 - a) Númer fundar og heiti nefndar.
 - b) Fundardagur, upphafstími fundar og fundarstaður.
 - c) Nöfn viðstaddra bæjarfulltrúa, nefndarmanna og eftir atvikum annarra sem fundinn sátu.
 - d) Dagskrármál sem tekin eru fyrir á fundinum, dagsetning erinda, nöfn aðila, meginefni og niðurstaða þeirra.
 - e) Skrá skal í fundargerð víki bæjarstjórnar- eða nefndarmaður sæti vegna vanhæfis.
 - f) Atkvæðagreiðsla/kosning.
 - g) Sé mál ekki afgreitt samhljóða, skal greina í fundargerð hvernig atkvæði hafa skipst.
 - h) Skrá skal lok fundar.
 - i) Skrá skal undirritun fundargerðar.
4. *Fundargerðir skráðar í tölvu.* Fundargerðir bæjarstjórnar, fastanefnda og annarra nefnda, stjórna og ráða skulu skráðar í tölvu. Skrá skal í gerðabók bæjarstjórnar númer fundar, hvar og hvenær fundur er haldinn og að fundargerð sé færð í tölvu. Þá skal færa í gerðabók fundarslit og greina blaðsíðutal fundargerða.
5. *Nöfn þeirra sem skrá skal í fundargerð.* Skrá skal nöfn viðstaddra bæjarfulltrúa eða nefndarmanna í fundargerð. Ef varamaður situr fund er rétt að skrá fyrir hvaða aðalmann hann situr fundinn. Skrá skal hvaða embættismenn sitja fundinn. Ef embættismenn eða gestir sitja fundinn eða hluta hans skal skrá athugasemd um slíkt undir viðkomandi dagskrárlið fundarins.
6. *Um skráningu dagskrármála í fundargerð og niðurstöður þeirra.* Skrá skal í fundargerð heiti dagskrármála, málsnúmer og röð þeirra á dagskrá fundarins. Skrá skal í fundargerðina við dagskrármálið sjálft hvaða afgreiðslu það hafi hlotið s.s. samþykkt, synjað, frestað, vísað til umsagnar nefndar eða starfsmanns, vísað til fullnaðarafgreiðslu nefndar eða starfsmanns eða vísað frá. Varði afgreiðsla dagskrármáls ekkert af þessu er málið lagt fram án efnislegrar afstöðu til þess. Fundargerðir nefnda sem lagðar eru fyrir bæjarstjórn skulu lagðar fyrir í heild sinni þ.e. með öllum þeim dagskrármálum sem þær mynda og fer um afgreiðslu þessara fundargerða með vísan til 1. og 2. mgr. þessa töluliðs. Ályktanir eða samþykktir í fundargerðum nefnda sem þarfnast staðfestingar

bæjarstjórnar skal færa sérstaklega í fundargerð. Skýrt þarf að koma fram hvaða afgreiðslu hver dagskrárliður þessara fundargerða fær. Aðrir liðir fundargerðar eru lagðir fram til kynningar.

Varðandi framkvæmd afgreiðslu dagskrármála skal skrá með hvaða hætti niðurstaða, samþykkt, synjað, frestað o.s.frv. var fengin. Hvort niðurstaðan var eftir atvikum fengin samhljóða, fjöldi atkvæða með og atkvæði á móti, hvort um hjásetu var að ræða o.s.frv. Hvort krafist hafi verið skriflegrar atkvæðagreiðslu o.fl., en um þessi atriði vísast að öðru leyti til laga og samþykktar um stjórn sveitarfélags.

Varðandi aðrar athafnir sem fram fara á fundum bæjarstjórnar eða nefnda, s.s. kosningar ýmiss konar, gildir að tilgreina skal þær sem sérstakt dagskrármál og númer hvað þær eru á dagskrá fundarins. Um framkvæmd slíkra kosninga vísast að öðru leyti til laga og samþykktar um stjórn sveitarfélags.

Komi fram ósk um bókun frá bæjarfulltrúa, nefndarmanni eða öðrum þeim sem heimild hefur til að bóka skal skrá bókun undir viðkomandi dagskrármáli. Um bókanir fer að öðru leyti samkvæmt ákvæðum samþykktar um stjórn sveitarfélagsins, t.d. hvort þær þurfi að vera skriflegar. Bókanir skulu færðar til bókar áður en til afgreiðslu fundargerðar kemur.

7. *Vikið af fundi vegna vanhæfis.* Skrá skal í fundargerð ef bæjarfulltrúi eða nefndarmaður vikur sæti vegna vanhæfis. Skrá skal hvort farið hefur fram atkvæðagreiðsla um hæfi og úrslit hennar. Skrá skal hvaða mál vanhæfið varðar og hvort og þá hvaða varamaður tekur sæti hans. Skrá skal hvenær bæjarfulltrúi tekur aftur sæti og varamaður vikur af fundi. Skrá skal í fundargerð ef embættismaður/starfsmaður, sem hefur málfrelsi og tillögurétt, vikur af fundi vegna vanhæfis. Skrá skal hvaða mál vanhæfið varðar.
8. *Undirritun í gerðabók.* Í lok fundar skulu bæjarstjórnarmenn undirrita gerðabók sem í hefur verið fært og staðfesta þar með að rétt hafi verið fært til bókar.
9. *Um undirritun og frágang tölvufærðrar fundargerðar.* Í lok fundarins skal tölvuskráð fundargerð lesin upp og hún undirrituð af kjörnum fulltrúum/nefndarmönnum með rafrænum hætti sbr. C-lið 8. gr. auglýsingu ráðherra um leiðbeiningar um ritun fundar.
10. *Trúnaðarmál.* Mál sem tekið er fyrir á luktum fundi bæjarstjórnar skal skrá sem trúnaðarmál og færa í sérstaka fundargerðabók bæjarstjórnar. Ef um er að ræða viðkvæm persónuleg málefni og/eða mál sem falla undir ákvæði upplýsingalaga nr. 140/2012 með síðari breytingum skal bóka umfjöllun og afgreiðslu slíkra mála í sérstaka trúnaðarmálabók bæjarstjórnar/nefndar. Í fundargerð skal koma fram málsnúmer og heiti á dagskrárliðnum skal vera "Trúnaðarmál". Tilvísun í færslur í trúnaðarmálabók skal koma fram í fundargerð.
11. *Um varðveislu fundargerða.* Skjöl og gögn sem verða til í starfsemi sveitarfélags s.s. fundargerðir og önnur skráð fundargögn bæjarstjórnar og nefnda á hennar vegum tilheyra skjalasafni sveitarfélagsins og eru eign þess og fer um varðveislu þeirra skv. gildandi lögum og reglum hverju sinni.

17. gr.

Hæfi til þátttöku í meðferð og afgreiðslu einstakra mála.

Um hæfi bæjarfulltrúa, nefndarfulltrúa og starfsmanna sveitarfélagsins til þátttöku í meðferð eða afgreiðslu mála þar sem á, eða til greina kemur, að taka stjórnvaldsákvörðun skv. 2. mgr. 1. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, gilda ákvæði stjórnsýslulaga sé ekki öðruvísi ákveðið í sveitarstjórnarlögum. Viðkomandi telst þó aðeins vanhæfur sé hann eða hafi verið maki aðila, skyldur eða mægður aðila í beinan legg eða að öðrum lið til hliðar, eða tengdur aðila með sama hætti vegna ættleiðingar. Þá verður starfsmaður sveitarfélags ekki vanhæfur vegna vanhæfis yfirmanns ef eðli máls eða uppbygging stjórnmæla sveitarfélagsins þykir ekki gefa tilefni til slíks.

Í öðrum tilvikum en skv. 1. mgr. ber bæjarfulltrúa, nefndarfulltrúa eða starfsmanni sveitarfélags að víkja sæti við meðferð og afgreiðslu máls þegar það varðar hann eða nána venslamenn hans svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti þar af.

Þessi regla tekur einnig til gerðar samninga fyrir hönd sveitarfélags.

Að öðru leyti vísast til 20. gr. sveitarstjórnarlaga.

18. gr.

Varamenn í bæjarstjórn.

Varamenn taka sæti í bæjarstjórn í þeirri röð sem þeir eru kosnir þegar aðalmenn þess lista sem þeir eru kosnir af forfallast. Ef framboðslisti er borinn fram af tveimur eða fleiri stjórnmálaflokkum eða samtökum geta aðalmenn listans komið sér saman um mismunandi röð varamanna eftir því hver aðalmanna hefur forfallast. Tilkynning um slíkt samkomulag skal lögð fram í upphafi kjörtímabils og gildir hún til loka þess.

IV. KAFLI

Réttindi og skyldur bæjarfulltrúa.

19. gr.

Skyldur bæjarfulltrúa.

Bæjarfulltrúa ber skylda til að sækja alla bæjarstjórnarfundir sem og fundir í þeim nefndum og ráðum sem hann hefur verið kjörinn til nema lögmæt forföll hamli.

Aðal- og varamönnum í bæjarstjórn er skylt að taka kjöri í nefnd, ráð eða stjórn á vegum sveitarfélagsins, sem og til annarra trúnaðarstarfa á vegum sveitarfélagsins. Sá sem verið hefur forseti eitt kjörtímabil eða lengur, eða setið í bæjarráði eða annarri nefnd sama tímabil, skorast undan kosningu jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið á hendi. Ósk um undanþágu skal sett fram áður en kjör í viðkomandi nefnd eða trúnaðarstarf fer fram.

Hverjum bæjarstjórnarmanni er skylt að inna af hendi störf sem bæjarstjórn felur honum og varða verkefni bæjarstjórnarinnar.

Bæjarstjórnarmenn skulu gæta trúnaðar um það sem þeir verða áskynja í starfi sínu og leynt á að fara samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

20. gr.

Réttur bæjarstjórnarmanna.

Bæjarstjórnarmenn eru sjálfstæðir í störfum sínum. Þeir eru einungis bundnir af lögum og eigin sannfæringu um afstöðu til einstakra mála.

Bæjarfulltrúi á rétt á að tekið verði á dagskrá bæjarstjórnarfundar hvert það málefni sem sérstaklega varðar hagsmuni sveitarfélagsins eða verkefni þess.

Mál sem ekki er tilgreint á boðaðri dagskrá bæjarstjórnarfundar verður þó ekki tekið til afgreiðslu á viðkomandi fundi án samþykkis 2/3 hluta fundarmanna.

Bæjarfulltrúar hafa málfrelsi á fundum bæjarstjórnar eftir því sem nánar er ákveðið í fundarsköpum bæjarstjórnar. Þeir hafa jafnframt tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum bæjarstjórnar.

Vilji bæjarstjórnarmaður ekki una úrskurði forseta um stjórn fundar og fundarsköp getur hann skotið úrskurðinum til bæjarstjórnar sem sker úr án umræðna.

21. gr.

Aðgangur að gögnum.

Vegna starfa sinna í bæjarstjórn á sérhver bæjarstjórnarmaður rétt á að kynna sér gögn og upplýsingar sem fyrir liggja í stjórnsýslu sveitarfélagsins og varða málefni sem komið geta til umfjöllunar í bæjarstjórn.

Bæjarfulltrúi skal eiga eðlilegan aðgang að skrifstofu og stofnunum sveitarfélagsins í þeim tilgangi að kynna sér starfsemi sveitarfélagsins og rekstur.

Óski bæjarfulltrúi gagna skal hann beina því til bæjarstjóra og viðkomandi embættismanns, sem veita honum afrit af gögnum og upplýsingum.

Séu gögn viðamikil eða undanþegin upplýsingarétti almennings er óheimilt að taka af þeim afrit og fara með þau af bæjarskrifstofu sbr. 28. gr. sveitarstjórnarlaga. Er þá heimilt að ákveða að afhending gagna fari fram á bæjarskrifstofu í tiltekinn tíma, en að gögn verði ekki afhent utan bæjarskrifstofunnar.

Varði málefni viðkvæma persónulega hagi einstaklings sem ekki er til umfjöllunar í bæjarstjórn er heimilt að neita um afhendingu gagna og upplýsinga.

22. gr.

Siðareglur og góðir starfshættir.

Bæjarstjórnarmaður skal í störfum sínum fara eftir þeim siðareglum sem bæjarstjórn hefur sett sér, sbr. 29. gr. sveitarstjórnarlaga.

23. gr.

Lausn frá störfum.

Telji bæjarfulltrúi sig ekki geta gegnt skyldum sínum í bæjarstjórn án óhæfilegs álags, getur hann óskað eftir því við bæjarstjórn að hún létti af honum störfum eða veiti honum lausn úr bæjarstjórn um tiltekinn fyrirfram ákveðinn tíma eða til loka kjörtímabils.

Þegar bæjarfulltrúi flytur úr sveitarfélagi um stundarsakir má bæjarstjórn ákveða, að ósk hans, að hann skuli víkja úr bæjarstjórn þar til hann tekur aftur búsetu í sveitarfélaginu. Slík ákvörðun skal tekin áður en bæjarfulltrúi flytur um stundarsakir. Sé ekki tekin ákvörðun samkvæmt þessari málsgrein missir bæjarfulltrúi kjörgengi við skráningu lögheimilis í öðru sveitarfélagi og skal hann þá víkja úr bæjarstjórn.

Missi bæjarfulltrúi kjörgengi skal hann víkja úr bæjarstjórn. Ef bæjarfulltrúi er sviptur fjárforræði skal bæjarstjórn þá veita honum lausn frá störfum þann tíma er sviptingin gildir.

24. gr.

Boðun varamanna.

Þegar aðalmaður er vanhæfur til meðferðar máls í bæjarstjórn skal boða varamann hans til meðferðar þess og afgreiðslu. Að afgreiðslu máls lokinni tekur aðalmaður sæti sitt á viðkomandi fundi á ný. Verði innköllun varamanns ekki við komið getur vanhæfur bæjarstjórnarmaður krafist þess að umræðu og afgreiðslu máls verði frestað til næsta fundar. Frestun nær þó ekki fram að ganga ef 2/3 hlutar viðstaddra bæjarfulltrúa greiða atkvæði gegn frestun eða ef frestun hefur í för með sér að gengið sé gegn lögbundnum afgreiðslutíma máls.

Þegar aðalmaður getur ekki mætt til fundar eða þarf að víkja af fundi af heilsufarsástæðum eða af öðrum óviðráðanlegum ástæðum tekur varamaður hans sæti í bæjarstjórn á þeim fundi.

Bæjarfulltrúi skal tilkynna forföll til fundarboðanda skv. samþykkt þessari, eins fljótt og auðið er og tilkynna jafnframt hvaða varamann hann hefur boðað í sinn stað.

Forföll samkvæmt þessari málsgrein taka ávallt til viðkomandi fundar í heild, eða til loka fundar sé um það að ræða.

Þegar fyrirséð er að aðalmaður í bæjarstjórn mun taka hlé frá störfum vegna atvika sem greinir í 2. mgr. í a.m.k. einn mánuð skal varamaður hans taka sæti í bæjarstjórninni frá og með næsta fundi, enda séu þá ástæður forfalla enn til staðar. Þegar forföllum lýkur tekur aðalmaður sæti sitt að nýju frá og með næsta fundi.

Ef aðalmaður fellur frá, missir kjörgengi eða fær lausn frá starfi í bæjarstjórn skal varamaður hans taka sæti í bæjarstjórn frá og með næsta fundi.

25. gr.

Þóknun o.fl.

Bæjarfulltrúi skal fá hæfilega þóknun úr bæjarsjóði fyrir störf sín í bæjarstjórn. Ef um langan veg er að fara milli heimilis bæjarfulltrúa og fundarstaðar bæjarstjórnar skal bæjarfulltrúi fá hæfilega greiðslu vegna ferðakostnaðar. Takist bæjarfulltrúi á hendur ferð á vegum sveitarfélagsins samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnar, á hann rétt á greiðslu hæfilegs ferða- og dvalarkostnaðar.

Bæjarstjórn setur nánari reglur um greiðslur skv. 1.mgr.

Bæjarfulltrúi má ekki afsala sér greiðslum sem honum eru ákveðnar á grundvelli þessarar greinar.

26. gr.

Réttindi og skyldur varamanna.

Ákvæði þessa kafla, um réttindi og skyldur bæjarstjórnarmanna, eiga einnig við um varamenn þegar þeir taka sæti í bæjarstjórn.

V. KAFLI

Bæjarráð.

27. gr.

Kosning bæjarráðs.

Bæjarstjórn skal á fyrsta fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum kjósa þrjá bæjarfulltrúa í bæjarráð til eins árs og jafnmarga til vara til sama tíma. Aðalmenn í bæjarstjórn eru einir kjörgengir sem aðalmenn og varamenn í bæjarráð, sbr. 36. gr. sveitarstjórnarlaga.

Bæjarstjórn kýs formann og varaformann bæjarráðs úr hópi kjörinna bæjarráðsmanna.

Bæjarráð getur ráðið sér fundarritara utan bæjarráðs.

Kosning í bæjarráð skal vera leynileg og bundin hlutfallskosning sé þess óskað.

28. gr.

Fundartími bæjarráðs.

Bæjarráð skal að jafnaði halda fund einu sinni í mánuði, og festa fundartíma ráðsins í upphafi skipunartíma þess.

Aukafundi í bæjarráði skal halda ef bæjarstjóri, formaður bæjarráðs eða a.m.k. tveir bæjarráðsmenn óska þess.

29. gr.

Boðun funda bæjarráðs.

Bæjarstjóri undirbýr bæjarráðsfundi í samráði við formann bæjarráðs.

Hann sér um að bæjarráð sé boðað til fundar með skriflegu eða rafrænu fundarboði ásamt dagskrá a.m.k. einum sólarhring fyrir fund.

Geti bæjarfulltrúi ekki sótt fund skal hann tilkynna varamanni sínum og bæjarstjóra um forföll og óska eftir því að varamaður verði boðaður.

30. gr.

Stjórnun bæjarráðs.

Formaður bæjarráðs stjórnar fundum þess og sér um að allt fari löglega og skipulega fram á fundum þess. Hann úrskurðar í ágreiningsmálum sem upp kunna að koma út af fundarsköpum, en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar bæjarráðsins.

Heimilt er að taka mál til meðferðar í bæjarráði þótt ekki sé það tilgreint í dagskrá. Þó er skylt að fresta afgreiðslu slíks máls ef einhver bæjarráðsmaður óskar þess.

31. gr.

Áheyrnarfulltrúar í bæjarráði.

Bæjarstjórn getur heimilað flokki eða framboðsaðila, sem fulltrúa á í bæjarstjórn en ekki hefur fengið kjörinn bæjarráðsmann, að tilnefna áheyrnarfulltrúa til setu í bæjarráði með málfrelsi og tillögurétti.

Áheyrnarfulltrúi og varaáheyrnarfulltrúi í bæjarráði skulu fullnægja kjörgengisskilyrðum í bæjarráð, sbr. 3. mgr. 36. gr. sveitarstjórnarlaga.

Ákvæði um launakjör skv. 25. gr. samþykktar þessarar eiga einnig við um áheyrnarfulltrúa.

32. gr.

Verkefni bæjarráðs.

Bæjarráð fer ásamt bæjarstjóra með framkvæmdarstjórn bæjarins og fjármálastjórn sveitarfélagsins að því leyti sem þessi mál eru ekki öðrum falin.

Bæjarráð hefur eftirlit með stjórnsýslu sveitarfélagsins, semur drög að fjárhagsáætlun og viðaukum við hana og leggur þau fyrir bæjarstjórn.

Þá sér bæjarráð um að ársreikningar bæjarsjóðs séu samdir reglum samkvæmt og þeir ásamt ársreikningum bæjarstofnana lagðir fyrir bæjarstjórn til meðferðar og afgreiðslu.

Meðan bæjarstjórn er í sumarleyfi fer bæjarráð með sömu heimildir og bæjarstjórn hefur ella.

Bæjarstjórn getur falið bæjarráði fullnaðarafgreiðslu mála nema lög mæli á annan veg.

33. gr.

Heimild bæjarráðs til fullnaðarákvörðunar.

Bæjarráði er heimil fullnaðarafgreiðsla mála sem ekki varða verulega fjárhag bæjarsjóðs eða stofnana hans, enda sé ekki ágreiningur milli bæjarráðsmanna eða við bæjarstjóra um slíka afgreiðslu.

Bæjarráð hefur heimild til fullnaðarákvörðunar um lán, ábyrgðir eða aðrar fjárhagslegar skuldbindingar sveitarfélags og sölu eigna sveitarfélagsins og annarra réttinda þess, sbr. 5. og 6. tl. 1. mgr. 58. gr. sveitarstjórnarlaga, enda sé ekki um verulega fjárhagslega hagsmuni að ræða og ákvörðun rúmast innan fjárhagsáætlunar til eins árs og áætlunar til fjögurra ára, eigi hún við.

Bæjarráð hefur, ásamt bæjarstjóra, heimild til að semja kjörskrá. Bæjarstjórn getur jafnframt veitt bæjarráði og/eða bæjarstjóra fullnaðarheimild til að fjalla um athugasemdir, gera nauðsynlegar leiðréttingar og úrskurða um ágreiningsmál sem kunna að koma fram að kjördegi.

Bæjarráð úrskurðar um heimild til endurupptöku mála sem hljóta afgreiðslu samkvæmt þessari grein með hliðsjón af 24. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

VI. KAFLI

Fastanefndir, ráð og stjórnir aðrar en bæjarráð.

34. gr.

Kosning í fastanefndir og kjörtímabil.

Bæjarstjórn kýs aðal- og varamenn í nefndir eftir því sem fyrir er mælt í lögum og samþykkt þessari. Slíkar nefndir teljast fastanefndir bæjarstjórnar.

Kjörtímabil fastanefnda er hið sama og bæjarstjórnar, nema annað leiði af lögum eða samþykkt þessari.

Að loknum sveitarstjórnarkosningum halda fastanefndir þó umboði sínu þar til nýkjörin bæjarstjórn hefur kjörið nýja nefnd í þeirra stað en með sömu takmörkunum valdheimilda og fyrri bæjarstjórn sætti að afloknum kosningum, sbr. 12. gr. og 2. mgr. 37. gr. sveitarstjórnarlaga.

35. gr.

Kosning og kjörgengi.

Kosningar í fastanefndir bæjarstjórnar, nefndir fyrir hluta sveitarfélags, nefndir til að fara með einstök verkefni eða málaflokka og aðrar nefndir og stjórnir sem sveitarfélag á aðild að, skulu vera leynilegar og bundnar hlutfallskosningar ef þess er óskað. Framkvæmd kosninga skal þá vera í samræmi við ákvæði 44. og 45. gr. sveitarstjórnarlaga.

Ef ekki er kosið hlutfallskosningu til nefndar, sbr. 1. mgr. 43. gr., sveitarstjórnarlaga, skal bæjarstjórn gæta þess að fullnægja kröfum um kynjahlutfall skv. 2. tölul. 44. gr. laganna við skipun í viðkomandi nefnd.

Þeir einir eru kjörgengir í nefndir, ráð og stjórnir sem hafa kosningarrétt í sveitarfélaginu, nema annað leiði af lögum, sbr. m.a. 2. mgr. 39. gr. sveitarstjórnarlaga.

Starfsmenn fyrirtækja og stofnana sveitarfélags eru ekki kjörgengir í nefndir, ráð og stjórnir þeirra fyrirtækja eða stofnana sem þeir starfa hjá. Bæjarstjórn getur þó ákveðið að víkja frá þessu ef málefni vinnuveitanda eru óverulegur þáttur í starfi viðkomandi nefndar og starfið er ekki þess eðlis að hætta sé á hagsmunaárekstrum vegna nefndarsetu.

36. gr.

Valdsvið nefnda og framsal bæjarstjórnar til fastanefnda á valdi til fullnaðarafgreiðslu mála.

Bæjarstjórn getur falið nefnd/ráði fullnaðarafgreiðslu einstakra mála eða málaflokka nema slíkt vald sé að lögum sérstaklega falið bæjarstjórn til ákvörðunar, sbr. 10. tölul. 5. gr. samþykktar þessarar. Vald til fullnaðarafgreiðslu máls getur aldrei falið í sér vald til töku ákvörðunar sem gengur gegn fjárhagsáætlun eða öðrum almennum og bindandi reglum eða áætlunum sem bæjarstjórn hefur sett.

Heimildir fastanefnda til fullnaðarafgreiðslu mála eru háðar því að samþykktir þeirra sem hafa í för með sér að útgjöld séu innan heimilda í fjárhagsáætlun fyrir viðkomandi málaflokk.

Fullnaðarákvarðanir sem teknar hafa verið sæta ekki eiginlegu málskoti innan stjórnsýslu sveitarfélagsins, heldur getur aðili máls átt rétt á endurupptöku ákvörðunar, sbr. 24. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Ef óskað er endurupptöku máls sem afgreitt hefur verið sbr. 1. mgr. skal leggja það fyrir bæjarstjórn til endanlegrar afgreiðslu.

Sé nefnd ekki falið að taka fullnaðarákvörðun um mál, skv. lögum eða samþykkt þessari, teljast ályktanir hennar tillögur til bæjarstjórnar, enda þótt þær séu orðaðar sem ákvarðanir eða samþykktir nefndar. Slíkar ákvarðanir þurfa staðfestingu bæjarstjórnar.

37. gr.

Afgreiðsla á fundargerðum.

Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna skulu lagðar fyrir bæjarstjórn til kynningar eða afgreiðslu og staðfestingar.

Þær ályktanir eða tillögur í fundargerðum sem þarfnast staðfestingar bæjarstjórnar eru lagðar fyrir sem sérstök mál og eru afgreidd með formlegum hætti.

Ályktun nefndar sem hefur fjárútlát í för með sér skal lögð fyrir bæjarstjórn eftir því sem fyrir er mælt í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins.

38. gr.

Fundir nefnda og ályktunarhæfi.

Fundir nefnda skulu almennt haldnir fyrir luktum dyrum. Nefnd er heimilt að opna fundi sína komi fram ósk um slíkt svo fremi sem lög eða eðli máls hamli því ekki.

Komi fram ósk frá íbúum um opinn nefndarfund skal slík ósk vera skrifleg. Nefnd getur orðið við slíkri ósk ef a.m.k. 10 íbúar 18 ára eða eldri standa að henni og fram kemur í skriflegu erindi hvaða máli viðkomandi vilja fá að fylgjast með.

Um fundi nefnda, ályktunarhæfi og atkvæðagreiðslur gilda ákvæði III. kafla samþykktar þessarar og sveitarstjórnarlaga eftir því sem við getur átt.

39. gr.

Fundarstjórn og fundargerðir.

Formaður nefndar stýrir fundum. Ákvæði III. kafla samþykktar þessarar gilda um meðferð mála í nefndum, ráðum og stjórnnum sveitarfélagsins eftir því sem við á.

Nefnd getur í samráði við bæjarritara valið sér sérstakan fundarritara úr röðum starfsmanna. Starfsmenn sveitarfélags sitja einstaka dagskrárliði þegar eftir því er leitað samkvæmt eðli máls og skal boðun starfsmanna koma fram í dagskrá fundarboðs.

Um ritun fundargerða, nefnda, ráða og stjórna gilda sömu reglur og um ritun fundargerða bæjarstjórnar, sbr. II. lið 16. gr. samþykktar þessarar.

40. gr.

Varamenn.

Varamenn taka sæti í nefndum í þeirri röð sem þeir eru kosnir.

Þegar kosið er til nefndar hlutbundinni listakosningu eða listi hefur verið sjálfkjörinn og aðalmaður í nefnd er forfallaður taka varamenn þess lista sem aðalmaður er kjörinn af sæti í nefnd í þeirri röð sem þeir skipa listann eftir að endurröðun á hann hefur farið fram skv. 4. tölul. 1. mgr. 45. gr. sveitarstjórnarlaga.

Ef tveir eða fleiri flokkar eða framboðslistar til bæjarstjórnar leggja í sameiningu fram tillögu að lista við hlutbundna kosningu í nefnd bæjarstjórnar geta þeir komið sér saman um að varamenn á listanum vegna nefndarkosningarinnar, sem eru þar fulltrúar sama flokks eða framboðslista og sá aðalmaður í nefnd sem um ræðir, taki sæti hans í nefndinni í þeirri röð sem þeir voru kosnir án tillits til þess hvar þeir annars eru í röð varamanna. Sé enginn úr hópi varamanna viðkomandi lista í sama flokki eða tilheyrir sama framboðslista og aðalmaður tilheyrði þegar kosning í nefnd fór fram taka varamenn af listanum sæti eftir venjulegum reglum.

Yfirlýsingu um samkomulag skv. 3. mgr. skal leggja fram á fyrsta bæjarstjórnarfundum eftir að nefndarkosning fór fram og gildir hún til loka kjörtímabils eða þar til kjörið er í nefnd að nýju.

41. gr.

Boðun varamanna.

Um boðun varamanna á nefndarfundum gilda ákvæði 24. gr. samþykktar þessarar eftir því sem við á.

Ef aðalmaður í nefnd fellur frá, missir kjörgengi, fær lausn frá nefndarstarfi eða forfallast varanlega frá því að sitja í nefnd tekur varamaður hans sæti í nefndinni nema bæjarstjórn ákveði að kjósa aðalmann að nýju, ella skipar bæjarstjórn nýjan varamann til setu í nefndinni.

Ákvæði þessa kafla samþykktarinnar um varamenn taka einnig til varaáheyrnarfulltrúa eftir því sem við getur átt.

42. gr.

Lausn frá nefndarsetu og endurskipun.

Fulltrúum í nefndum, ráðum og stjórnnum sveitarfélagsins, sem ekki eru aðal- eða varamenn í bæjarstjórn er heimilt að segja af sér nefndastörfum hvenær sem er á kjörtímabili með skriflegri tilkynningu til bæjarstjórnar. Aðrir fulltrúar geta óskað eftir því við bæjarstjórn að þeim verði veitt lausn tímabundið eða út kjörtímabilið og metur hún þá hvort skilyrði til þess séu fyrir hendi.

Bæjarstjórn getur hvenær sem er á kjörtímabili ákveðið að skipta um fulltrúa í nefndum, ráðum og stjórnnum sem hún kys eða skipar ef ekki er um það ágreiningur innan bæjarstjórnar eða málefnalegar ástæður mæla með slíkri breytingu, svo sem ef nefndarmaður, án lögmætra forfalla, mætir ekki á fundum nefndar eða brýtur gegn þagnarskyldu. Enn fremur getur bæjarfulltrúi krafist þess að nefnd verði endurskipuð telji hann ástæðu til. Bæjarstjórn er þó heimilt að hafna slíkri beiðni ef hún er bersýnilega tilefnislaus að því tilskildu að 2/3 fundarmanna greiði atkvæði með tillögu um höfnun.

Við framangreindar breytingar á skipan fulltrúa í nefndum, ráðum og stjórnnum sveitarfélags skal kjósa alla fulltrúa að nýju og fer þá um kjör þeirra skv. 1. mgr. 43. gr. sveitarstjórnarlaga nema enginn ágreiningur sé innan bæjarstjórnar um breytingamar.

Breytingar á nefndaskipan samkvæmt þessari grein skulu fullnægja skilyrðum 2. tölul. 44. gr. og 4. tölul. 1. mgr. 45. gr. sveitarstjórnarlaga um kynjahlutföll.

43. gr.

Áheyrnarfulltrúar.

Framboðslista sem fulltrúa á í bæjarstjórn, en nær ekki kjöri í fastanefnd, er heimilt að tilnefna áheyrnarfulltrúa til þátttöku í fundum nefnda. Um áheyrnarfulltrúa á fundum nefnda gilda sömu þagnarskylduákvæði laga og eiga við um aðra nefndarmenn. Áheyrnarfulltrúi og varaáheyrnarfulltrúi skulu fullnægja kjörgengisskilyrðum í viðkomandi nefnd.

**44. gr.
Þóknun.**

Bæjarstjórn er skylt að ákveða kjörnum fulltrúum í nefndum, ráðum og stjórnnum á vegum sveitarfélags hæfilega þóknun fyrir þau störf, samkvæmt mati bæjarstjórnar, í samræmi við reglur sem hún setur. Bæjarstjórn er með sama hætti heimilt að ákveða að greiða áheymarfulltrúum þóknun fyrir störf þeirra í nefndum, ráðum og stjórnnum á vegum sveitarfélags.

**45. gr.
Önnur réttindi og skyldur.**

Nefndarmönnum er skylt að sækja fundi nefndar.

Ákvæði III. og IV. kafla samþykktar þessarar gilda að öðru leyti um fulltrúa í nefndum, ráðum og stjórnnum sveitarfélags eftir því sem við á. Réttindi takmarkast þó eftir eðli máls við það sem fulltrúum er þörf á vegna starfa í viðkomandi nefnd.

**46. gr.
Aðrar nefndir, ráð og stjórnir sem sveitarfélag á aðild að.**

Bæjarstjórn kys fulltrúa í nefndir, ráð og stjórnir sem sveitarfélagið á aðild að samkvæmt viðkomandi lögum eða samþykktum. Ákvæði þessa kafla samþykktarinnar eiga við um slíka fulltrúa eftir því sem við getur átt.

Að því leyti sem nefnd, ráð eða stjórn lögðila, sem bæjarstjórn kys fulltrúa til skv. 1. mgr., fer með framkvæmd eða ábyrgð á verkefni sem sveitarfélagi væri ekki sjálfu heimilt að sinna, þá er fulltrúi sveitarfélags í viðkomandi nefnd, ráði eða stjórn ekki bundinn af fyrirmælum bæjarstjórnarinnar um þau störf. Hið sama á við að því leyti sem það leiðir af lögum sem gilda um rekstur og starfsemi viðkomandi lögðila.

**47. gr.
Fastanefndir, aðrar nefndir, stjórnir og ráð sem sveitarfélagið á aðild að.**

Bæjarstjórn kys fulltrúa í eftirtaldir nefndir, ráð og stjórnir.

A. Fulltrúar kjörnir til eins árs á fundi í júní ár hvert:

- 1) **Bæjarráð:** Þrír aðalfulltrúar í bæjarstjórn, sem aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 35. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.
- 2) **Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi:** Fjórir aðalmenn og jafnmargir til vara á aðalfund Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi samkvæmt lögum samtakanna.

B. Fulltrúar í fastanefndir kjörnir út kjörtímabilið á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum:

- 1) **Yfirkjörstjórn:** Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 14. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998 og skv. 10. gr. laga um kosningar til Alþingis nr. 24/2000. Kjörstjórnir fara með þau verkefni sem þeim eru falin samkvæmt ákvæðum laga um kosningar til sveitarstjórna og laga um kosningar til Alþingis.
- 2) **Undirkjörstjórnir:** Bæjarstjórn kys þrjár undirkjörstjórnir, eina fyrir hverja kjördeild:
 - a) Ólafsvíkur- og Fróðárhreppskjördeild
 - b) Hellissands- og Rífskjördeild
 - c) Staðarsveitar- og BreiðuvíkurskjördeildÍ hverja undirkjörstjórn skal kjósa þrjá fulltrúa og jafnmarga til vara. Undirkjörstjórnir fara með þau verkefni sem þeim eru falin samkvæmt lögum um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998 og um kosningar til Alþingis nr. 24/2000.
- 3) **Umhverfis- og skipulagsnefnd:** Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin fer með skipulags- og byggingarmál samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010, skipulagsreglugerð nr. 90/2013 og byggingarreglugerð nr. 112/2012, með umferðarmál samkvæmt umferðarlögum nr. 77/2019 og með veitumál samkvæmt ákvæðum laga og reglugerða um vatns- og hitaveitur. Loks fer nefndin með umhverfis- og náttúruverndarmál samkvæmt náttúruverndarlögum nr. 60/2013. Nefndin fer með önnur málefni samkvæmt erindisbréfi sem henni er sett. Umhverfis- og skipulagsnefnd er heimilt að samþykkja deiliskipulagstillögur sem fá ekki athugasemdir á auglýsingatíma og umsagnir lögbundinna umsagnaraðila séu ekki þess eðlis að breyta þurfi deiliskipulagstillögu eftir auglýsingu skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Umhverfis- og skipulagsnefnd er heimilt að samþykkja grenndarkynningar þar sem deiliskipulag er fyrir hendi, sbr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Umhverfis- og skipulagsnefnd er heimilt að ákveða nafngiftir á hverfum, götum og torgum. Umhverfis- og skipulagsnefnd skal taka fullnaðarákvörðun um matsskyldu framkvæmdar í C flokki skv. 1. viðauka við lög nr. 106/2000, þegar sveitarfélagið er sjálft framkvæmdaaðili, sbr. 42. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

- 4) **Íþrótt- og æskulýðsnefnd:** Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin fer með íþróttamál jafnt og æskulýðsmál skv. æskulýðslögum nr. 70/2007. Íþrótt- og æskulýðsnefnd skal ásamt íþrótt- og æskulýðsfulltrúa vera bæjarstjórn til ráðgjafar í tómstunda-, íþrótt-, æskulýðs- og forvarnarmálum. Nefndin fer með önnur málefni samkvæmt erindisbréfi sem henni er sett.
- 5) **Menningarnefnd:** Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndinni fer með lista- og menningarmál og skal jafnframt gegna starfi stjórnar bókasafns Snæfellsbæjar skv. 8. gr. bókasafnslaga nr. 150/2012. Nefndin fer með önnur málefni samkvæmt erindisbréfi sem henni er sett.
- 6) **Skóla- og fræðslunefnd:** Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin fer með málefni grunnskóla skv. lögum um grunnskóla nr. 91/2008, málefni leikskóla skv. lögum um málefni leikskóla nr. 90/2008, málefni tónlistarskóla samkvæmt lögum um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985. Nefndin fer með önnur málefni samkvæmt erindisbréfi sem henni er sett.
- 7) **Hafnarstjórn:** Fimm aðalmenn og jafnmarga til vara. Fer með stjórn hafnarinnar og hafnarsjóðs skv. lögum um hafnamál nr. 61/2003.
- 8) **Stjórn Jaðars:** Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Hefur umsjón með stjórn dvalarheimilis aldraða. Nefndin fer með önnur málefni samkvæmt erindisbréfi sem henni er sett.
- 9) **Landbúnaðar- og fjallskilanefnd:** Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin fer með landbúnaðarmál- efni sbr. lög um búfjárhald o.fl. nr. 103/2002 og lög um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum nr. 64/1994. Nefndin fer einnig með yfirumsjón fjallskilamála í sveitarfélaginu sbr. lög nr. 6/1986 um afreittamálefni, fjallskil o.fl. Nefndin fer með önnur málefni samkvæmt erindisbréfi sem henni er sett.
- 10) **Öldungaráð:** Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skipaðir af bæjarstjórn. Jafnframt sitja í nefndinni 2 aðalmenn og jafnmargir til vara skipaðir af félagi eldri borgara í Snæfellsbæ. Öldungaráð getur óskað eftir því að fulltrúi Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga sitji fundi ráðsins. Nefndin er bæjarstjórn til ráðgjafar um málefni og hagsmuni er varða íbúa sveitarfélagsins 67 ára og eldri á grundvelli 2. mgr. 38. gr. laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga (með síðari breytingum) með hliðsjón af 8. gr. laga nr. 125/1999, um málefni aldraðra (með síðari breytingum). Nefndin fjallar um þjónustu við aldraða og framkvæmd og þróun í öldrunarmálum ásamt því að stuðla að upplýsingagjöf.
- 11) **Stjórn Náttúrugripasafns Hellissands:** Þrír aðalmenn. Hefur umsjón með söfnun muna og uppbyggingu safnsins.
- 12) **Rekstrarnefnd félagsheimilisins Klífs:** Tveir aðalmenn. Jafnframt situr í nefndinni einn fulltrúi félagasamtaka í Ólafsvík. Rekstrarnefndin fer með rekstur félagsheimilisins samkvæmt lögum um félagsheimili.
- 13) **Rekstrarnefnd félagsheimilisins Rastar:** Tveir aðalmenn. Jafnframt situr í nefndinni einn fulltrúi félagasamtaka á Hellissandi og Rífi. Rekstrarnefndin fer með rekstur félagsheimilisins samkvæmt lögum um félagsheimili.
- 14) **Rekstrarnefnd félagsheimilisins á Lýsuhóli:** Tveir aðalmenn. Jafnframt situr í nefndinni einn fulltrúi félagasamtaka úr sunnanverðum Snæfellsbæ. Rekstrarnefndin fer með rekstur félagsheimilisins samkvæmt lögum um félagsheimili.
- 15) **Ungmennaráð:** Sjö fulltrúar. Nefndin gerir tillögur til bæjarstjórnar um málefni ungmenna. Ráðið er skipað samkvæmt samþykktum um ungmennaráð.

C. Aðrir fulltrúar kjörnir á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum:

Hér er um að ræða stjórnir stofnana með sjálfstæðan fjárhag og tilnefningar í samstarfsráð sem hafa endanlegt ákvörðunarvald í málefnum sínum, þ.e. þurfa ekki staðfestingu bæjarstjórnar til að koma málum í framkvæmd, innan ákveðins fjárhagslegs ramma. Kjörtímabil þeirra er samkvæmt samþykktum um stjórn viðkomandi stofnunar.

- 1) **Stjórn byggðasamlags um rekstur félags- og skólaþjónustu Snæfellinga:** Einn aðalmaður og annar til vara skv. 5. gr. samþykktar fyrir byggðasamlag um rekstur Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga. Um verkefni og skyldur stjórnar fer sbr. 6. gr. sömu samþykktar.
- 2) **Velferðarnefnd Snæfellinga:** Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 7. gr. samþykktar fyrir byggðasamlag um rekstur Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga og 5. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga. Allir félagsþjónustupættir sveitarfélaganna falla undir nefndina.

- 3) *Landsþing Sambands Íslenskra sveitarfélaga*: Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara samkvæmt lögum sambandsins.
- 4) *Fulltrúaráð Eignarhaldsfélags Brunabótafélags Íslands*: Einn aðalmaður og annar til vara skv. lögum um Brunabótafélag Íslands.

D. Aðrar nefndir sem stofnaðar verða

- E. **Verkefnabundnar nefndir**: Bæjarstjórn getur skipað nefndir til að vinna að afmörkuðum verkefnum. Umboð slíkra nefnda fellur sjálfkrafa niður við lok kjörtímabils bæjarstjórnar eða fyrir ef verki nefndarinnar er lokið. Bæjarstjórn getur afturkallað umboð slíkrar nefndar hvenær sem er.

VII. KAFLI

Bæjarstjóri og aðrir starfsmenn sveitarfélaga.

48. gr.

Ráðning bæjarstjóra.

Bæjarstjórn ræður bæjarstjóra til þess að annast framkvæmd ákvarðana bæjarstjórnar og verkefni sveitarfélagsins. Bæjarstjórn skal gera skriflegan ráðningarsamning við bæjarstjóra þar sem starfskjör hans eru ákveðin. Ráðningartími bæjarstjóra skal að jafnaði vera sá sami og kjörtímabil bæjarstjórnar.

49. gr.

Hlutverk bæjarstjóra.

Bæjarstjóri er æðsti yfirmaður annars starfslíðs sveitarfélagsins. Hann skal sjá um að stjórnsýsla sveitarfélagsins samræmist lögum, samþykktum og viðeigandi fyrirmælum yfirmanna.

Bæjarstjóri skal sitja fundi bæjarstjórnar. Þar hefur hann málfrelsi, tillögurétt og rétt til bókana en ekki atkvæðisrétt nema hann sé jafnframt kjörinn fulltrúi í bæjarstjórninni. Hann hefur jafnframt rétt til setu á fundum nefnda og ráða sem bæjarstjórn skipar.

Bæjarstjóri skal sjá um að fundir bæjarstjórnar, bæjarráðs og annarra nefnda bæjarstjórnar séu vel undirbúnir, m.a. í þeim tilgangi að mál sem þar eru afgreidd séu vel upplýst. Hann sér einnig um að ákvarðanir þær sem teknar eru af hálfu bæjarstjórnar og annarra nefnda komist til framkvæmda, hafi bæjarstjórn ekki falið það öðrum.

Bæjarstjóri er prókúruhafi sveitarfélags. Honum er heimilt að veita öðrum starfsmanni sveitarfélagsins prókúru að fengnu samþykki bæjarstjórnar.

Bæjarstjóri undirritar skjöl varðandi kaup og sölu fasteigna sveitarfélagsins, lántökur og ábyrgðir, svo og önnur skjöl sem fela í sér skuldbindingar eða ráðstafanir sem samþykki bæjarstjórnar þarf til.

50. gr.

Ráðning í æðstu stjórnunarstöðum.

Bæjarstjórn ræður starfsmenn í æðstu stjórnunarstöðum hjá Snæfellsbæ, t.a.m. bæjarstjóra, bæjarritara, hafnarstjóra og forstöðumenn stofnana, og veitir þeim lausn frá starfi.

51. gr.

Um ráðningu annarra starfsmanna.

Bæjarstjóri og forstöðumenn ráða stjórnendur þeirra stofnana sem undir viðkomandi forstöðumenn heyra, og veita þeim lausn frá störfum.

Forstöðumenn gera tillögu til bæjarstjóra um ráðningu á öðrum starfsmönnum sinna stofnana, bæði fasta og lausráðna, og veita þeim, í samráði við bæjarstjóra, lausn frá störfum nema vald til slíks sé með lögum fengið öðrum aðilum eða á annan veg mælt fyrir í reglugerðum um sérmál tiltekinna stofnana.

52. gr.

Framsal bæjarstjórnar til starfsmanna til fullnaðarafgreiðslu mála.

Bæjarstjórn er heimilt að fela starfsmönnum fullnaðarafgreiðslu einstakra mála á sama hátt og með sömu skilyrðum og nefnd eru í 36. gr. samþykktar þessarar. Heimild þessi skal sett í erindisbréf embættismanna og í erindisbréf viðkomandi nefndar sem málið heyrir undir og staðfest er af bæjarstjórn.

Bæjarstjórn skal setja skýrar reglur um afgreiðslu embættismanna en bæjarráð hefur eftirlit með þeim og kallar reglulega eftir skýringum og upplýsingum um ákvarðanir sem teknar eru á grundvelli þeirra.

Embættismanni er alltaf heimilt að vísa ákvörðun skv. 1. mgr. til bæjarráðs til fullnaðarafgreiðslu.

53. gr.

Þagnarskylda starfsmanna.

Starfsmenn Snæfellsbæjar og aðrir sem sveitarfélagið ræður til vinnu við ákveðin verkefni eru bundnir þagnarskyldu um atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt eiga að fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirboðara eða eðli máls. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

54. gr.

Um starfskjör og réttindi starfsmanna.

Um starfskjör, réttindi og skyldur starfsmanna Snæfellsbæjar fer eftir ákvæðum kjarasamninga hverju sinni og ákvæðum ráðningarsamninga.

VIII. KAFLI

Fjármál sveitarfélagsins.

55. gr.

Fjárstjórnarvald bæjarstjórnar.

Einvörðungu bæjarstjórn getur tekið ákvarðanir um málefni sem varða verulega fjármál sveitarfélagsins. Til slíkra málefna teljast m.a. ákvarðanir um eftirtalin atriði, séu ekki gerðar beinar undantekningar þar á með lögum:

1. staðfestingu ársreiknings,
2. fjárhagsáætlun næstkomandi árs,
3. fjárhagsáætlun til fjögurra ára,
4. viðauka við fjárhagsáætlanir skv. 2. og 3. tölul.,
5. lán, ábyrgðir eða aðrar fjárhagslegar skuldbindingar sveitarfélagsins,
6. sölu eigna sveitarfélagsins og annarra réttinda þess,
7. álagningu skatta og gjalda,
8. ráðningu eða uppsögn endurskoðanda.

56. gr.

Afgreiðsla og form fjárhagsáætlunar.

Bæjarstjórn skal á hverju ári afgreiða fjárhagsáætlun fyrir komandi ár og næstu þrjú ár þar á eftir.

Bæjarráð og bæjarstjóri leggja samkvæmt 1. mgr. 62. gr. sveitarstjórnarlaga tillögu um fjárhagsáætlun fyrir bæjarstjórn eigi síðar en 1. nóvember ár hvert.

Bæjarstjórn skal fjalla um hana á tveimur fundum sem fram skulu fara með minnst tveggja vikna millibili. Að lokinni umræðu bæjarstjórnar skal afgreiða tillöguna, þó eigi síðar en 15. desember ár hvert.

Fjárhagsáætlanir skulu gefa glögga mynd af rekstri sveitarfélagsins, efnahag og breytingum á handbæru fé. Einnig skal þar koma fram greinargott yfirlit um tekjuöflun, ráðstöfun fjármuna og fjárheimildir sveitarfélagsins. Við gerð fjárhagsáætlana skal hafa hliðsjón af fjárhagslegri stöðu bæjarsjóðs og stofnana sveitarfélagsins við upphaf áætlunartímabilsins.

Bæjarstjórn skal senda ráðuneytinu fjárhagsáætlun innan fimmtán daga frá afgreiðslu hennar, sbr. 1. mgr. 76. gr. sveitarstjórnarlaga. Sama á við um viðauka við fjárhagsáætlun.

57. gr.

Bindandi áhrif ákvörðunar um fjárhagsáætlun ársins.

Ákvörðun sem bæjarstjórn tekur skv. 56. gr. samþykktar þessarar og 62. gr. sveitarstjórnarlaga um fjárhagsáætlun næstkomandi árs er bindandi regla um allar fjárhagslegar ráðstafanir af hálfu sveitarfélagsins. Aðrir geta þó ekki byggt sjálfstæðan rétt til fjárframlaga eða annarrar fyrirgreiðslu sveitarfélags á fjárhagsáætlunum.

Óheimilt er að víkja frá fjárhagsáætlun skv. 1. mgr. nema bæjarstjórn hafi áður samþykkt viðauka við áætlunina. Á þetta við um hvers kyns ákvarðanir, samninga eða aðrar fjárhagslegar ráðstafanir sem hafa í för með sér breytingar á tekjum, útgjöldum, skuldbindingum eða tilfærslur milli liða í fjárhagsáætlun í þegar samþykktari áætlun. Viðauki er ekki gildur nema hann feli einnig í sér útfærða ákvörðun um það hvernig þeim útgjöldum eða tekjulækkun sem gert er ráð fyrir verði mætt. Á það einnig við þótt heildarútgjöld eða heildartekjur breytist ekki vegna samþykktar hans.

Þrátt fyrir 2. mgr. má í undantekningartilvikum gera þær ráðstafanir sem skylt er samkvæmt lögum eða öðrum bindandi réttarreglum án þess að bæjarstjórn hafi áður samþykkt viðauka, enda þoli þær ekki bið. Viðhlitandi heimildir bæjarstjórnar skal þá afla svo fljótt sem auðið er. Skal erindi um slíka heimild lagt fyrir þegar á næsta fundi bæjarstjórnarinnar.

58. gr.

Fjármálareglur og viðmið um afkomu sveitarfélagsins.

Bæjarstjórn ber að sjá til þess að rekstri, fjárfestingum og ráðstöfun eigna og sjóða sé þannig hagað á hverjum tíma að sveitarfélagið muni til framtíðar geta sinnt skyldubundnum verkefnum sínum, sbr. 64. gr. sveitarstjórnarlaga og ákvæði reglugerðar nr. 502/2012 um fjárhagsleg viðmið og eftirlit með fjármálum sveitarfélaga.

59. gr.

Ábyrg meðferð fjármuna og heimildir fjárskuldbindinga.

Bæjarstjórn skal gæta ábyrgðar við meðferð fjármuna sveitarfélagsins og varðveita fjármuni með ábyrgum hætti, svo sem á innlánsreikningum fjármálastofnana eða með því að kaupa ríkistryggð verðbréf. Um heimildir til fjárfestinga í hagnaðarskyni fer skv. ákvæðum 65. gr. sveitarstjórnarlaga.

Áður en bæjarstjórn tekur ákvörðun um fjárfestingu, framkvæmd eða aðra skuldbindingu sem nemur hærri fjárhæð en 20% af skatttekjum sveitarfélagsins yfirstandandi reikningsár er skylt að gera sérstakt mat á áhrifum hennar á fjárhag sveitarfélagsins, sbr. ákvæði 66. gr. sveitarstjórnarlaga.

Um heimildir Snæfellsbæjar til veðsetninga og að gangast í ábyrgðir fer skv. 68. og 69. gr. sveitarstjórnarlaga.

60. gr.

Ársreikningur.

Gera skal ársreikning fyrir bæjarsjóð, stofnanir sveitarfélagsins og fyrirtæki þess. Jafnframt skal gera samstæðureikning fyrir sveitarfélagið, þ.e. bæjarsjóð, stofnanir þess og fyrirtæki með sjálfstætt reikningshald, sbr. 60. gr. sveitarstjórnarlaga. Ársreikningur skal gerður samkvæmt lögum um ársreikninga, reglum settum samkvæmt þeim lögum og sveitarstjórnarlögum, sem og góðri reikningsskilavenju.

Ársreikningur sveitarfélagsins skal fullgerður og samþykktur af bæjarráði og tilbúinn til endurskoðunar og afgreiðslu í bæjarstjórn fyrir 15. apríl ár hvert.

Bæjarstjórn skal hafa lokið staðfestingu ársreiknings Snæfellsbæjar, stofnana og fyrirtækja þess eigi síðar en 15. maí ár hvert.

Ársreikning Snæfellsbæjar, ásamt skýrslu endurskoðanda, skal senda ráðuneyti sveitarstjórnarmála og Hagstofu Íslands ekki síðar en 20. maí ár hvert.

61. gr.

Endurskoðun ársreikninga.

Bæjarstjórn ræður löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki sem annast skal endurskoðun ársreikninga Snæfellsbæjar. Endurskoðun fer eftir lögum um endurskoðendur, lögum um ársreikninga og alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum, sem og fyrirmælum 72. og 73. gr. sveitarstjórnarlaga.

IX. KAFLI

Samráð við íbúa - þátttökulýðræði.

62. gr.

Borgarafundur, íbúafundur, íbúakosningar o.fl.

Um samráð við íbúa, þ.m.t. borgarafundi, íbúafundur og íbúakosningar gilda ákvæði X. kafla sveitarstjórnarlaga, ef frá er talið lágmark þeirra sem kosningarétt eiga í sveitarfélaginu og óska almennrar atkvæðagreiðslu, sbr. 63. gr.

63. gr.

Almenn atkvæðagreiðsla að frumkvæði íbúa.

Ef minnst 25% þeirra sem kosningarétt eiga í Snæfellsbæ óska almennrar atkvæðagreiðslu skv. 108. gr. sveitarstjórnarlaga skal bæjarstjórn verða við því eigi síðar en innan árs frá því að slík ósk berst.

Um framkvæmd undirskriftarsöfnunar, hlutverk sveitarstjórna og framkvæmd almennrar atkvæðagreiðslu fer skv. 107. gr. og 108. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011

64. gr.

Gildistaka.

Samþykkt þessi sem bæjarstjórn Snæfellsbæjar hefur sett skv. ákvæðum 9. og 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Erindisbréf umhverfis- og skipulagsnefndar

I. Verkefni nefndarinnar

1. gr.

Umhverfis- og skipulagsnefnd fer með skipulagsmál, umhverfismál og náttúruverndarmál samkvæmt lögum og reglugerðum um þau mál í umboði bæjarstjórnar eftir því sem nánar er kveðið á um í þessu erindisbréfi sem gert er í samræmi við bæjarmálasamþykkt Snæfellsbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar.

2. gr.

Umhverfis- og skipulagsnefnd gerir tillögur til bæjarstjórnar um stefnumörkun á sviði skipulagsmála, umhverfismála og náttúruverndarmála.

3. gr.

Meginverkefni umhverfis- og skipulagsnefndar eru skipulagsmál, umhverfismál, lóðarúthlutanir, framkvæmdamál og umferðarmál.

Helstu verkefni umhverfis- og skipulagsnefndar eru:

- að vera bæjarstjórn til ráðgjafar um stefnumörkun, forgangsörðun og framkvæmd verkefna í málaflokkum á verksviði hennar,
- að fara með lögbundin hlutverk skipulagsnefndar skv. skipulagslögum nr. 123/2010 og skipulagsreglugerð nr. 90/2013,
- að fara með skipulagsmál, þ.m.t. umhverfismat skipulagsáætlana, undir yfirstjórn bæjarstjórnar sbr. 2. mgr. 6. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, ,
- að gera tillögur til bæjarstjórnar um gjaldtöku vegna gjaldskyldrar starfsemi sem heyrir undir verksvið nefndarinnar fyrir hverja fjárhagsáætlun,
- að fjalla um umsóknir erindi sem tengjast þeim málaflokkum sem henni er falin umsjón með og gera tillögur um afgreiðslu til bæjarstjórnar.
- að fjalla um og staðfesta erindi varðandi byggingarmál sem byggingarfulltrúi hefur þegar samþykkt, enda uppfylli þau skilyrði byggingarreglugerðar og falla að þegar samþykktu skipulagi svæðisins,
- að fara með málefni er varða samgöngur, umferð og umferðaröryggi í Snæfellsbæ,
- að gera tillögur til bæjarstjórnar um útgáfu fræðsluefnis og hver kyns annarrar kynningar fyrir íbúa Snæfellsbæjar, fyrirtæki og stofnanir um þau mál sem falla undir verksvið nefndarinnar,
- að gegna hlutverki náttúruverndarnefndar sbr. 14. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013,
- að fjalla um önnur mál sem bæjarstjórn kann að fela nefndinni.

Nefndin skal leitast við að ná því grundvallarmarkmiði að tryggja að niðurstöður hennar og vinna séu fyrst og fremst í þágu allra íbúa sveitarfélagsins og skal ávallt setja almannahagsmuni ofar sérhagsmunum, hvort heldur sínum eigin eða einstakra hópa.

4. gr.

Lög og reglugerðir sem varða verkefni umhverfis- og skipulagsnefndar eru m.a.:

1. skipulagslög, nr. 123/2010,

2. lög um mannvirki, nr. 160/2010,
3. skipulagsreglugerð, nr. 90/2013,
4. byggingareglugerð, nr. 112/2012,
5. lög um náttúruvernd, nr. 60/2013,
6. lög um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000,
7. reglugerð um mat á umhverfisáhrifum, nr. 660/2015,
8. aðrar lagasetningar Alþingis sem á hverjum tíma tengjast verkefnum nefndarinnar

Þá skal nefndin fara eftir samþykktum og reglum sem bæjarstjórn hefur sett eða að kann að setja um verkefni hennar. Það á einnig við um samninga og samstarf á þessum vettvangi við önnur sveitarfélög.

Nefndinni er skylt að eiga samstarf við aðrar nefndir bæjarfélagsins, eftir því sem málefni gefa tilefni til á hverjum tíma.

II. Skipan nefndarinnar

5. gr.

Bæjarstjórn skal á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum kjósa fimm nefndarmenn í umhverfis- og skipulagsnefnd til fjögurra ára og fimm til vara. Nefndin kýs sér formann, hafi hann ekki verið skipaður af bæjarstjórn, og varaformann á fyrsta fundi sínum.

6. gr.

Formaður umhverfis- og skipulagsnefndar stjórnar fundum skv. ákvæðum IV. kafla samþykktar um stjórn Snæfellsbæjar og sér um að allt fari þar löglega og skipulega fram. Hann úrskurðar í ágreiningsmálum sem upp kunna að koma út af fundarsköpum en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar nefndarinnar. Fundarmönnum er skylt að lúta valdi formanns að því er varðar fundarsköp og góða reglu.

7. gr.

Umhverfis- og skipulagsnefnd heldur að jafnaði einn fund í mánuði. Aukafundi skal halda eftir þörfum að ákvörðun formanns eða ef a.m.k. tveir nefndarmenn óska þess. Nefndin skal gera samþykkt um fundartíma á sínum fyrsta fundi.

8. gr.

Byggingarfulltrúi, og aðrir starfsmenn tæknideildar Snæfellsbæjar, sitja fundi umhverfis- og skipulagsnefndar með málfrelsi og tillögurétt, en jafnframt hefur bæjarstjóri rétt á að sitja fundi nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétti. Þá hefur slökkviliðsstjóri einnig rétt að sitja fundi nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétt.

Heimilt er að boða aðra á fundi nefndarinnar til viðræðna um tiltekin mál.

III. Yfirstjórn skipulags- og umhverfismála

9. gr.

Formaður umhverfis- og skipulagsnefndar er í forsvari fyrir umhverfis- og skipulagsnefnd um stefnumótun og ákvarðanir hennar eftir því sem við á. Bæjarstjóri ber ábyrgð á fjármálum málaflokksins og framkvæmd ákvarðana nefndarinnar.

IV. Fundarsköp nefndarinnar

10. gr.

Um fundarsköp á fundum umhverfis- og skipulagsnefndar gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga og samþykkt um stjórn Snæfellsbæjar.

Formaður boðar eða lætur boða til fundar með dagskrá. Í dagskrá skal vísað til gagna um þau fundarefni sem til umfjöllunar eru, eftir því sem kostur er. Dagskrá skal send til aðalmanna í síðasta lagi tveimur sólarhringum fyrir fund.

Fundir umhverfis- og skipulagsnefndar eru að jafnaði haldnir fyrir luktum dyrum og er óheimilt að greina frá ummælum einstakra fundarmanna á fundum. Fundur er lögmætur ef meira en helmingur nefndarmanna er á fundi. Umhverfis- og skipulagsnefnd getur enga bindandi ályktun gert nema fundur sé lögmætur. Falli atkvæði að jöfnu telst mál fallið.

11. gr.

Fundir umhverfis- og skipulagsnefndar skulu tölvuskráðir. Við skráningu skal fylgja þeim meginreglum sem gilda um skráningu fundargerða bæjarstjórnar, sbr. 16. gr. í samþykkt um stjórn Snæfellsbæjar.

Í tölvuskráða fundargerð skal færa:

- a. fundartíma og fundarstað,
- b. nöfn aðalmanna og varamanna sem sækja fundinn,
- c. nöfn starfsmanna sem sækja fundinn,
- d. heiti og númer fundarefna sem tekin eru fyrir,
- e. greinargóða lýsingu á hverju fundarefni,
- f. bókanir nefndarinnar eða einstakra fundarmanna um fundarefni þar sem það á við
- g. í fundargerð skal einnig koma fram ef fundarmenn víkja af fundi eða koma til fundar eftir að hann hefst.

Í lok fundar skal tölvuskráð fundargerð undirrituð rafrænt af fundarmönnum.

Strax að loknum fundi kemur ritari nefndarinnar fundargerðinni til bæjarritara sem leggur hana fram með dagskrá næsta bæjarstjórnarfundar.

Starfsmenn tæknideildar sjá um að tilkynna aðilum mála, sem afgreidd eru í umhverfis- og skipulagsnefnd, um málalok.

Fundargerðir umhverfis- og skipulagsnefndar eru birtar að afgreiðslu lokinni á heimasíðu Snæfellsbæjar.

12. gr.

Öll bréf, erindi, skýrslur og skjöl, sem snerta starf nefndarinnar skulu varðveitt í Ráðhúsi Snæfellsbæjar. Fulltrúar í bæjarstjórn ásamt bæjarstjóra hafa óheftan aðgang að öllum gögnum nefndarinnar nema lög ákveði annað.

13. gr.

Fundargerðir umhverfis- og skipulagsnefndar skulu teknar á dagskrá bæjarstjórnar, svo fljótt sem unnt er að afloknum nefndarfundum, til fullnaðarafgreiðslu á þeim málum sem þar eru tekin fyrir. Bæjarstjórn getur veitt nefndinni heimild til fullnaðarafgreiðslu á einstökum málum.

Sé nefndinni ekki falið að taka fullnaðarákvörðun um mál, skv. lögum eða erindisbréfi þessu, teljast ályktanir hennar tillögur til bæjarstjórnar, enda þótt þær séu orðaðar sem ákvarðanir eða samþykktir nefndar. Slíkar ákvarðanir þurfa því staðfestingu bæjarstjórnar.

Ályktanir umhverfis- og skipulagsnefndar til bæjarstjórnar og bæjarráðs skal ætíð senda í sérstöku erindi.

V. Hæfi, réttindi og skyldur nefndarmanna og annarra fundarmanna

14. gr.

Um réttindi og skyldur nefndarmanna gilda, eftir því sem við á, ákvæði II. og III. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, sbr. einnig IV. kafla sömu laga og III. og IV. kafla í Bæjarmálasamþykkt Snæfellsbæjar. Nefndarmönnum er skylt að kynna sér þessi ákvæði.

15. gr.

Um hæfi nefndarmanna í umhverfis- og skipulagsnefnd gilda ákvæði 19. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, II. kafla stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 og samþykktar um stjórn Snæfellsbæjar.

Um hæfi annarra sem sitja fundi umhverfis- og skipulagsnefndar gilda ákvæði II. kafla stjórnarsýslulaga nr. 37/1993.

Nefndarmaður skal víkja af fundi við umræður og afgreiðslu mála sem varða hann sjálfan, skyldmenni hans eða nánustu venslamenn svo mjög að ætla má að það móti viljaafstöðu hans að einhverju leyti. Honum er þó heimilt að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni áður en hann vikur af fundi.

16. gr.

Nefndarmönnum er skylt að sækja alla fundi umhverfis- og skipulagsnefndar nema lögmæt forföll hamli svo sem önnur brýnni skyldustörf eða veikindi. Sé nefndarmaður í umhverfis- og skipulagsnefnd forfallaður um stundarsakir skal hann tilkynna eða láta tilkynna forföllin til formanns og boða varamann sinn á fund.

17. gr.

Nefndarmaður skal gæta þagnarskyldu um það sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskylda

helst áfram eftir að nefndarmaður lætur af þeim störfum. Þetta ákvæði á einnig við um aðra fundarmenn.

VI. Málsmeðferðarreglur nefndarinnar

18. gr.

Við meðferð mála hjá umhverfis- og skipulagsnefnd, er varða rétt og skyldu aðila að stjórnsýslumáli, skulu nefndarmenn og starfsmenn gæta ákvæða stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Umhverfis- og skipulagsnefnd skal gæta að leiðbeiningarskyldu varðandi þau erindi sem eru til meðferðar hjá nefndinni. Þá skulu ákvarðanir vera teknar svo fljótt sem unnt er eftir að mál hefur verið nægjanlega upplýst.

19. gr.

Við úrlausn mála skal gæta samræmis, jafnræðis og meðalhófs skv. stjórnsýslulögum nr. 37/1993. Aðili máls skal eiga þess kost að tjá sig um efni máls fyrir umhverfis- og skipulagsnefnd áður en tekin er ákvörðun enda liggi ekki fyrir í gögnum málsins afstaða hans og rök.

20. gr.

Aðili máls á rétt á því að kynna sér skjöl og önnur gögn er varða mál hans með þeim takmörkunum sem getið er um í 16. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 og upplýsingalögum nr. 140/2012.

21. gr.

Ákvörðun umhverfis- og skipulagsnefndar skal tilkynnt aðila máls. Hafi umsókn aðila verið hafnað eða ekki tekin til greina að öllu leyti skal fylgja tilkynningunni rökstuðningur eða leiðbeiningar um heimild aðila til að fá ákvörðun rökstudda. Einnig skulu fylgja leiðbeiningar um kæru- og endurupptökuheimild og fresti til að kæra eða endurupptaka mál.

VII. Endurupptaka máls

22. gr.

Eftir að umhverfis- og skipulagsnefnd hefur tekið ákvörðun og hún verið tilkynnt, á aðili máls rétt á því að mál sé tekið fyrir að nýju ef ákvörðun hefur byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik eða ef íþyngjandi ákvörðun um boð eða bann hefur byggst á atvikum sem hafa breyst verulega frá því að ákvörðun var tekin. Endurupptaka er heimil innan þriggja mánaða frá því að aðila máls var eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina.

Aðili máls skal beina kröfu um endurupptöku máls til bæjarstjórnar.

VIII. Stjórnsýslukæra

23. gr.

Aðila máls er heimilt að kæra ákvörðun umhverfis- og skipulagsnefndar til æðra stjórnvalds sem við á til þess að fá ákvörðun fellda úr gildi eða henni breytt nema annað leiði af lögum eða venju.

Kæra skal borin fram innan þriggja mánaða frá því að aðila máls var tilkynnt um ákvörðun nefndarinnar, nema lög leiði til annars frests. Stjórnsýslukæra frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunar meðan málið er til meðferðar nema æðra stjórnvald mæli svo fyrir.

IX. Eftirfylgni

24. gr.

Nefndarformaður og aðrir nefndarmenn skulu snúa sér til bæjarstjóra með eftirfylgni staðfesta samþykktu nefndarinnar og þannig tryggja að tekin sé afstaða til þeirra og þær framkvæmdar, í þeim tilfellum sem við á.

X. Gildistaka

25. gr.

Erindisbréf þetta byggist á ákvæðum sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 um verkefni sveitarfélaga og starfsemi nefnda á þeirra vegum, stjórnsýslulögum nr. 37/1993 og samþykkt um stjórn Snæfellsbæjar.

Erindisbréf þetta var staðfest á fundi bæjarstjórnar 3. september 2026 og tekur gildi sama dag.

Snæfellsbær 3. september 2026

Kristinn Jónasson, bæjarstjóri

Erindisbréf menningarnefndar

I. Verkefni nefndarinnar

1. gr.

Menningarnefnd Snæfellsbæjar starfar, í umboði bæjarstjórnar, að menningarmálum í sveitarfélaginu samkvæmt lögum og reglugerðum er þar að lúta og eftir því sem nánar er kveðið á um í þessu erindisbréfi sem gert er í samræmi við samþykkt um stjórn Snæfellsbæjar.

2. gr.

Menningarnefnd Snæfellsbæjar gerir tillögur til bæjarstjórnar um stefnumörkun á sviði menningarmála. Nefndin fylgist með að unnið sé að settum markmiðum í málaflokknum og gerir tillögur að úrbótum til bæjarstjórnar þar sem þeirra er þörf. Nefndin gegnir jafnframt starfi stjórnar bókasafns Snæfellsbæjar skv. ákvæðum bókasafnslaga nr. 150/2012.

3. gr.

Helstu verkefni menningarnefndar eru:

- að vera bæjarstjórn til ráðgjafar og veita umsögn um erindi er tengjast menningarmálum,
- að fylgjast með framkvæmd laga og reglugerða er snerta starfssvið nefndarinnar,
- að stuðla að fjölbreytni í menningarlífi, með því að standa fyrir bókmenntakynningum, fyrirlestrum, kvikmyndasýningum, leiksýningum, listsýningum, tónleikum o.fl. og hafa eftir atvikum um það samvinnu við aðra aðila sem að þeim málum koma,
- að styðja við barnamenningarhátíðina á Vesturlandi,
- að veita menningarverðlaun,
- að stuðla að varðveislumenningarverðmæta, listaverka og minnisvarða í eigu bæjarins,
- að veita styrki til menningarmála í umboði bæjarstjórnar,
- að gera tillögur til bæjarstjórnar um útgáfu fræðsluefnis og hvers kyns aðra kynningu fyrir íbúa Snæfellsbæjar, fyrirtæki og stofnanir um þau mál sem falla að verkssviði nefndarinnar,
- að hafa eftirlit með því að samþykkt markmið bæjarstjórnar í menningarmálum nái fram að ganga,
- að fylgjast með og styðja við starfsemi bókasafns Snæfellsbæjar,
- að stuðla að samvinnu við nágrannasveitarfélög í ýmsum efnum er snerta menningarmál,
- að þekkja til starfa Svæðisgarðs Snæfellsness sem er fjölþætt samstarf sveitarfélaga, fyrirtækja, félaga og samtaka á svæðinu sem myndar samstæða landslags- og menningarlega heild,
- að þekkja til starfa menningarfulltrúa Vesturlands sem starfar hjá Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi,

- að fjalla um önnur þau mál er bæjarstjórn felur nefndinni.

Jafnframt skal menningarnefnd vinna að öflugu menningarlífi meðal íbúa bæjarfélagsins og beita í því skyni beinum aðgerðum auk hvatningar til einstaklinga og félaga.

Sé nefndinni ekki falið að taka fullnaðarákvörðun um mál, skv. lögum eða erindisbréfi þessu, teljast ályktanir hennar tillögur til bæjarstjórnar, enda þótt þær séu orðaðar sem ákvarðanir eða samþykktir nefndar. Slíkar ákvarðanir þurfa því staðfestingu bæjarstjórnar.

Nefndin skal leitast við að ná því grundvallarmarkmiði að tryggja að ákvarðanir hennar og vinna séu fyrst og fremst í þágu allra íbúa sveitarfélagsins og það leggur þær skyldur á herðar fulltrúum í nefndinni að setja ávallt almannahagsmuni ofar sérhagsmunum, hvort heldur sínum eigin eða einstakra hópa.

4. gr.

Í störfum sínum skal menningarnefnd taka mið af þeim lögum og reglugerðum sem undir starfssvið hennar heyrir, og þá sér í lagi lög um bókasöfn nr. 150/2012.

Menningarnefnd starfar í samræmi við samþykktir og reglur sem bæjarstjórn hefur sett eða kann að setja um verkefni hennar. Það á einnig við um samninga og samstarf á þessum vettvangi við önnur sveitarfélög.

Nefndin skal eiga samstarf við aðrar nefndir bæjarfélagsins, eftir því sem málefni gefa tilefni til á hverjum tíma.

II. Skipan nefndarinnar

5. gr.

Bæjarstjórn skal á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum kjósa fimm nefndarmenn í menningarnefnd til fjögurra ára og fimm til vara. Nefndin kys sér formann, hafi hann ekki verið skipaður af bæjarstjórn, og varaformann á fyrsta fundi sínum.

6. gr.

Formaður menningarnefndar stjórnar fundum nefndarinnar skv. ákvæðum IV. kafla samþykktar um stjórn Snæfellsbæjar og sér um að allt fari þar löglega og skipulega fram. Hann úrskurðar í ágreiningsmálum sem upp kunna að koma út af fundarsköpum en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar nefndarinnar. Fundarmönnum er skylt að lúta valdi formanns að því er varðar fundarsköp og góða reglu.

Formaður sér um boðun funda. Fundarboðun skal vera skrifleg og tilgreina fundarstað, tíma og dagskrá. Fundarboð skal sent fulltrúum og öðrum sem seturétt hafa á fundum eigi síðar en einum sólarhring fyrir fund.

7. gr.

Menningarnefnd kemur saman fyrir luktum dyrum á fastákveðnum fundartíma, samkvæmt fundaplani. Skal nefndin gera samþykkt um fundartíma á sínum fyrsta fundi á hverju hausti. Aukafundi skal halda eftir þörfum að ákvörðun formanns eða ef a.m.k. tveir nefndarmenn óska þess.

8. gr.

Markaðs- og upplýsingafulltrúi Snæfellsbæjar starfar með menningarnefndinni og situr fundi nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétt.

Forstöðumaður bókasafns hefur rétt til setu á fundum nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétt og skal formaður menningarnefndar boða hann á fundi nefndarinnar þegar málefni bókasafnsins eru á dagskrá. Fjalla skal um málefni bókasafnsins að minnsta kosti árlega.

Einn fulltrúi ungmennaráðs hefur einnig rétt til setu á fundum nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétt. Þá á bæjarstjóri rétt á að sitja fundi nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétt.

Nefndinni er heimilt að kalla til sín sérhvern þann sem tengist málum sem fjallað er um.

III. Yfirstjórn menningarmála

9. gr.

Bæjarstjórn úthlutar fjárhagsramma til nefndarinnar vegna fjárhagsáætlunar fyrir hvert starfsár. Á grundvelli hans gerir nefndin áætlun að verkefnum hvers starfsárs vegna málaflokksins.

Heimildir menningarnefnda til fullnaðarafgreiðslu eru háðar því að útgjöld séu innan heimilda í fjárhagsáætlun fyrir viðkomandi málaflokk, líkt og fjallað er um í 36. gr. samþykktar um stjórn Snæfellsbæjar. Vald til fullnaðarafgreiðslu máls getur aldrei falið í sér vald til töku ákvörðunar sem gengur gegn fjárhagsáætlun eða öðrum almennum og bindandi reglum eða áætlunum sem bæjarstjórn hefur sett.

10. gr.

Formaður menningarnefndar er í forsvari fyrir menningarnefnd um stefnumótun og ákvarðanir hennar eftir því sem við á. Bæjarstjóri ber ábyrgð á fjármálum málaflokksins og framkvæmd ákvarðana nefndarinnar.

IV. Fundarsköp nefndarinnar

11. gr.

Um fundarsköp á fundum menningarnefndar gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga og samþykkt um stjórn Snæfellsbæjar.

12. gr.

Fundargerðir menningarnefndar skulu tölvuskráðar. Við skráningu skal fylgja þeim meginreglum sem gilda um skráningu fundargerða bæjarstjórnar, sbr. 16. gr. í samþykkt um stjórn Snæfellsbæjar.

Í tölvuskráða fundargerð skal færa:

- a. fundartíma og fundarstað,
- b. nöfn aðalmanna og varamanna sem sækja fundinn,
- c. nöfn starfsmanna sem sækja fundinn,
- d. heiti og númer fundarefna sem tekin eru fyrir,
- e. greinargóða lýsingu á hverju fundarefni,
- f. bókanir nefndarinnar eða einstakra fundarmanna um fundarefni þar sem það á við
- g. í fundargerð skal einnig koma fram ef fundarmenn víkja af fundi eða koma til fundar eftir að hann hefst.

Í lok fundar skal tölvuskráð fundargerð undirrituð rafrænt af fundarmönnum.

Strax að loknum fundi kemur ritari nefndarinnar fundargerðinni til bæjarritara sem leggur hana fram með dagskrá næsta bæjarstjórnarfundar.

Fundargerðir menningarnefndar eru birtar að afgreiðslu lokinni á heimasíðu Snæfellsbæjar.

13. gr.

Fundur telst ályktunarhæfur ef meirihluti nefndarmanna er mættur á fundi. Í atkvæðagreiðslu ræður afl atkvæða. Mál telst fallið í atkvæðagreiðslu ef atkvæði falla að jöfnu.

Ályktanir menningarnefndar til bæjarstjórnar og bæjarráðs skal ætíð senda í sérstöku erindi.

V. Hæfi, réttindi og skyldur nefndarmanna og annarra fundarmanna

14. gr.

Um réttindi og skyldur nefndarmanna gilda, eftir því sem við á, ákvæði II. og III. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, sbr. einnig IV. kafla sömu laga og III. og IV. kafla í samþykkt um stjórn Snæfellsbæjar. Nefndarmönnum er skylt að kynna sér þessi ákvæði.

15. gr.

Um hæfi nefndarmanna í menningarnefnd gilda ákvæði 19. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, II. kafla stjórnsýslulaga nr. 37/1993 og samþykktar um stjórn Snæfellsbæjar.

Um hæfi annarra sem sitja fundi menningarnefndar gilda ákvæði II. kafla stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Nefndarmaður skal víkja af fundi við umræður og afgreiðslu mála sem varða hann sjálfan, skyldmenni hans eða nánustu venslamenn svo mjög að ætla má að það móti viljaafstöðu hans að einhverju leyti. Honum er þó heimilt að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni áður en hann víkur af fundi.

16. gr.

Nefndarmönnum er skylt að sækja alla fundi menningarnefndar nema lögmæt forföll hamli svo sem önnur brýnni skyldustörf eða veikindi. Sé nefndarmaður í menningarnefnd forfallaður um stundarsakir skal hann tilkynna eða láta tilkynna forföllin til formanns og boða varamann sinn á fund.

17. gr.

Nefndarmaður skal gæta þagnarskyldu um það sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskylda helst áfram eftir að nefndarmaður lætur af þeim störfum. Þetta ákvæði á einnig við um aðra sem boðaðir eru til fundar.

VI. Eftirfylgni

18. gr.

Nefndarformaður og aðrir nefndarmenn skulu snúa sér til bæjarstjóra með eftirfylgni staðfesta samþykktu nefndarinnar og þannig tryggja að tekin sé afstaða til þeirra og þær framkvæmdar, í þeim tilfellum sem við á.

VII. Gildistaka

19. gr.

Erindisbréf þetta byggist á ákvæðum sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 um verkefni sveitarfélaga og starfsemi nefnda á þeirra vegum, stjórnarsýslulögum nr. 37/1993 og samþykkt um stjórn Snæfellsbæjar.

Erindisbréf þetta var staðfest á fundi bæjarstjórnar 3. september 2026 og tekur gildi sama dag.

Snæfellsbær 3. september 2026

Kristinn Jónasson, bæjarstjóri

Erindisbréf öldungaráðs

I. Verkefni öldungaráðs

1. gr.

Öldungaráð Snæfellsbæjar starfar í umboði bæjarstjórnar Snæfellsbæjar með þeim hætti sem nánar er kveðið á um í samþykkt þessari og með vísan til 38. gr. laga nr. 40/1991 og 8. gr. laga nr. 125/1999.

2. gr.

Öldungaráð skal vera bæjarstjórn, nefndum og ráðum Snæfellsbæjar til ráðgjafar um málefni og hagsmunir sem varða íbúa bæjarfélagsins 67 ára og eldri. Ráðið fjallar um þjónustu við aldraða og framkvæmd og þróun í öldrunarmálum ásamt því að stuðla að upplýsingagjöf og samstarfi Snæfellsbæjar við hagsmunasamtök, móta stefnu og gera tillögur til Snæfellsbæjar sem varða verksvið þess. Öldungaráð fjallar ekki um málefni einstaklinga.

Auk þess að vera til ráðgjafar getur ráðið beint tillögum og ályktunum til bæjarstjórnar, nefnda og ráða. Ráðið er ekki framkvæmdaaðili.

3. gr.

Öldungaráð er vettvangur samráðs íbúa sem eru 67 ára og eldri, félagasamtaka þeirra, atvinnulífs og bæjarstjórnar og er virkur þátttakandi í allri stefnumörkun málaflokksins. Öldungaráð er ráðgefandi fyrir starfsemi bæjarfélagsins í málaflokknum og stuðlar, í samstarfi við bæjarstjórn, að eflingu félagsauðs og kynningu á þjónustu bæjarfélagsins til íbúa sem eru 67 ára og eldri.

Helstu hlutverk, verkefni og markmið öldungaráðs eru:

- að fylgjast með heilsufari og félagslegri velferð aldraðra og samhæfa þjónustu,
- að gera tillögur til bæjarstjórnar um öldrunarþjónustu,
- að leitast við að tryggja að aldraðir fái þá þjónustu sem þeir þarfnast og kynna öldruðum þá kosti sem í boði eru,
- að koma skoðunum og tillögum íbúa 67 ára og eldri til viðeigandi aðila í stjórnkerfi Snæfellsbæjar,
- að gæta hagsmuna íbúa 67 ára og eldri um mál sem snerta aldurshópin sérstaklega,
- að efla tengsl hagsmunasamtaka hópsins og bæjaryfirvalda með því m.a. að standa fyrir umræðu um þau mál sem til hagsbóta geta verið fyrir íbúa 67 ára og eldri,
- að gera tillögur til velferðarnefndar Snæfellinga um stefnumörkun í málafnum íbúa 67 ára og eldri,

- að taka til umfjöllunar þau mál sem nefndir eða ráð óska eftir hverju sinni og önnur þau mál sem ráðið telur nauðsynlegt að fjalla um í samræmi við hlutverk og markmið ráðsins.

Bæjarstjórn skal kynna öldungaráðinu með góðum fyrirvara hugmyndir og tillögur sem varða aldraða, s.s. hugmyndir um eða breytingu á gjaldskrám vegna þjónustu við aldraða og hugmyndir um eða breytingu á reglum um niðurfellingar eða afslætti til eldri borgara.

II. Skipan öldungaráðs

4. gr.

Öldungaráðið er skipað fimm fulltrúum og jafnmörgum til vara.

Bæjarstjórn skal á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum kjósa þrjá fulltrúa og þrjá til vara í öldungaráð. Félag eldri borgara í Snæfellsbæ kys tvo fulltrúa og tvo til vara. Við kosningu í ráðið skal gætt að kynjahlutföllum og kjörgengir eru þeir sem eiga lögheimili í bæjarfélaginu.

Bæjarstjórn kys formann ráðsins en öldungaráðið skiptir að öðru leyti með sér verkum. Kjörtímabil ráðsins er hið sama og bæjarstjórnar.

5. gr.

Öldungaráð skal að jafnaði funda þrisvar á ári fyrir luktum dyrum; í byrjun árs, að vori og að hausti. Öldungaráði er heimilt að halda opinn fund með félagi eldri borgara.

Ráðið skal gera samþykkt um fundartíma á sínum fyrsta fundi. Heimilt er að halda aukafundi ef nauðsyn krefur.

6. gr.

Formaður öldungaráðs stjórnar fundum ráðsins skv. ákvæðum IV. kafla samþykktar um stjórn Snæfellsbæjar og sér um að allt fari þar löglega og skipulega fram. Hann úrskurðar í ágreiningsmálum sem upp kunna að koma út af fundarsköpum en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar ráðsins. Fundarmönnum er skylt að lúta valdi formanns að því er varðar fundarsköp og góða reglu.

Formaður sér um boðun funda. Fundarboðun skal vera skrifleg og tilgreina fundarstað, tíma og dagskrá. Fundarboð skal sent fulltrúum og öðrum sem seturétt hafa á fundum eigi síðar en einum sólarhring fyrir fund.

7. gr.

Öldungaráð getur óskað eftir því að fulltrúi Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga sitji fundi ráðsins með málfrelsi og tillögurétt.

Þá á bæjarstjóri rétt á að sitja fundi ráðsins með málfrelsi og tillögurétti.

Ráðinu er heimilt að kalla til sín sérhvern þann sem tengist málum sem fjallað er um.

III. Fundarsköp öldungaráðs

8. gr.

Um fundarsköp á fundum öldungaráðs gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga og samþykktar um stjórn Snæfellsbæjar.

9. gr.

Fundargerðir öldungaráðs skulu tölvuskráðar. Við skráningu skal fylgja þeim meginreglum sem gilda um skráningu fundargerða bæjarstjórnar, sbr. 16. gr. í samþykkt um stjórn Snæfellsbæjar.

Í tölvuskráða fundargerð skal færa:

- a. fundartíma og fundarstað,
- b. nöfn aðalmanna og varamanna sem sækja fundinn,
- c. nöfn starfsmanna sem sækja fundinn,
- d. heiti og númer fundarefna sem tekin eru fyrir,
- e. greinargóða lýsingu á hverju fundarefni,
- f. bókanir nefndarinnar eða einstakra fundarmanna um fundarefni þar sem það á við,
- g. í fundargerð skal einnig koma fram ef fundarmenn víkja af fundi eða koma til fundar eftir að hann hefst.

Í lok fundar skal tölvuskráð fundargerð undirrituð rafrænt af fundarmönnum.

Strax að loknum fundi kemur ritari ráðsins fundargerðinni til bæjarritara sem leggur hana fram með dagskrá næsta bæjarstjórnarfundar.

Fundargerðir öldungaráðs eru birtar að afgreiðslu lokinni á heimasíðu Snæfellsbæjar.

10. gr.

Fundur telst ályktunarhæfur ef meirihluti ráðsins er mættur á fund. Í atkvæðagreiðslu ræður afl atkvæða. Mál telst fallið í atkvæðagreiðslu ef atkvæði falla að jöfnu með og á móti.

Sé ráðinu ekki falið að taka fullnaðarákvörðun um mál, skv. lögum eða erindisbréfi þessu, teljast ályktanir hennar tillögur til bæjarstjórnar, enda þótt þær séu orðaðar sem ákvarðanir eða samþykktir ráðsins. Slíkar ákvarðanir þurfa staðfestingu bæjarstjórnar.

Ályktanir ráðsins til bæjarstjórnar og bæjaráðs skal ætíð senda bæjarstjórn í sérstöku erindi.

IV. Hæfi, réttindi og skyldur nefndarmanna og annarra fundarmanna

11. gr.

Um réttindi og skyldur nefndarmanna gilda, eftir því sem við á, ákvæði II. og III. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, sbr. einnig IV. kafla sömu laga og III. og IV. kafla í samþykkt um stjórn Snæfellsbæjar. Nefndarmönnum er skylt að kynna sér þessi ákvæði.

12. gr.

Um hæfi nefndarmanna í öldungaráði gilda ákvæði 19. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, II. kafla stjórnsýslulaga nr. 37/1993 og samþykktar um stjórn Snæfellsbæjar.

Um hæfi annarra sem sitja fundi öldungaráðs gilda ákvæði II. kafla stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Nefndarmaður skal víkja af fundi við umræður og afgreiðslu mála sem varða hann sjálfan, skyldmenni hans eða nánustu venslamenn svo mjög að ætla má að það móti viljaafstöðu hans að einhverju leyti. Honum er þó heimilt að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni áður en hann víkur af fundi.

13. gr.

Nefndarmönnum er skylt að sækja alla fundi öldungaráðs nema lögmæt forföll hamli svo sem önnur brýnni skyldustörf eða veikindi. Sé nefndarmaður í öldungaráði forfallaður um stundarsakir skal hann tilkynna eða láta tilkynna forföllin til formanns og boða varamann sinn á fund.

14. gr.

Nefndarmaður skal gæta þagnarskyldu um það sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskylda helst áfram eftir að nefndarmaður lætur af þeim störfum. Þetta ákvæði á einnig við um aðra sem boðaðir eru til fundar.

V. Eftirfylgni

15. gr.

Nefndarformaður og aðrir nefndarmenn skulu snúa sér til bæjarstjóra með eftirfylgni staðfesta samþykktu nefndarinnar og þannig tryggja að tekin sé afstaða til þeirra og þær framkvæmdar, í þeim tilfellum sem við á.

IVI. Gildistaka

16. gr.

Erindisbréf þetta byggist á ákvæðum sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 um verkefni sveitarfélaga og starfsemi nefnda á þeirra vegum, stjórnsýslulögum nr. 37/1993 og samþykkt um stjórn Snæfellsbæjar.

Erindisbréf þetta var staðfest á fundi bæjarstjórnar 3. september 2026 og tekur gildi sama dag.

Snæfellsbær 3. september 2026

Kristinn Jónasson, bæjarstjóri